



Starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar

2002



Skýrsla um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar árið 2002

EFNISYFIRLIT



Formáli	2
---------------	---

Rannsóknastarfsemi

Sjó- og vistfræðisvið	4
Nytjastofnasvið	12
Veiðiráðgjafarsvið	22

Stoðdeildir

Bókasafn	24
Reiknideild	24
Tæknideild	24
Útibú	25

Önnur starfsemi

Samstarfshópar um eflingu stofnrannsókna	32
Kynningarmál	32
Námsverkefni	34
Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna ..	35
Sjávarútvegssaga	37

Viðaukar

Rekstraryfirlit	38
Stjórn og starfsmenn	40
Rannsókn- og verkáætlanir	42
Rannsóknaleiðangrar	44
Ritaskrá	47
Erindi, veggspjöld, ágríp	52
Fundir, ráðstefnur, kynnisferðir	57
Málstofa Hafrannsóknastofnunarinnar	62
Útgefið efni	63



FORMÁLI

Í þessari skýrslu er að finna samantekt um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar á árinu 2002. Starfsemin var hefðbundin að mestu, þar sem rannsóknir tengdar ástandi nytjastofna sjávar og langtíma umhverfis- og vistfræðirannsóknir eru fyrirferðamestar, en hvoru tveggja er nauðsynlegur þáttur við mat á afrakstri fiskstofnanna.

Alls var unnið að 126 skilgreindum rannsóknaverkefnum á árinu 2002, en aðeins 17 þeirra eru ný af nálinni, sem endurspeglar hve lítið svigrúm er til að takast á við ný viðfangsefni. Af mikilvægum nýjum verkefnum á árinu má nefna hafsbotsmælingar, sem leggja munu grunn að skynsamlegum verndaraðgerðum lífríkis hafsbots á komandi árum. Verkefnið mun næstu tvö árin vera unnið í samvinnu við Orkustofnun og verða niðurstöðurnar nýttar við kröfugerð Íslands um hafsbotsréttindi utan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar. Annað mikilvægt verkefni eru rannsóknir á stofngerð þorsks, framlagi einstakra hrygningarsvæða til nýliðunar og erfðafræðilegum skyldleika þorsks frá mismunandi svæðum við landið. Þá er vert að geta áhugaverðs árangurs sem tilraunir að Stað við Grindavík við framleiðslu þorsk- og sandhverfuseiða hafa skilað, en mikill áhugi er nú á eldi þessara tegunda hér á landi.

Í viðauka kemur fram hvernig niðurstöður rannsókna stofnunarinnar hafa verið kynntar. Alls er þar að finna 107 titla greina og skýrslna, þar af 28 í ritryndum vísindaritum, 21 í ýmsum fræðiritum, 38 rannsóknaskýrslur, 3 prófritgerðir, auk 16 annarra greina um haf- og fiskifræðileg málefni. Líkt og undanfarin ár tók Hafrannsóknastofnunin á árinu 2002 virkan þátt í starfsemi nokkurra fjölþjóðasamtaka á sviði haf- og fiskifræði. Mikilvægast í þessu samstarfi er þátttaka í starfi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Þá tók stofnunin, líkt og undanfarin ár, þátt í nokkrum alþjóðlegum rannsóknaverkefnum, m.a. á vegum Evrópusambandsins (ESB). Óhætt er að segja að þetta fjölþjóðlega samstarf krefjist skilvirkni og setji stofnuninni ströng markmið sem standast verða alþjóðleg viðmið.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2002 voru heildargjöld 1.483 milljónir króna. Upphaflega var gert ráð fyrir 1003 milljóna króna ríkisframlagi en framlagið varð 1069 milljónir króna og munar þar mest um 65 milljón króna aukafjárveitingu til viðhalds og endurbóta á rs. Bjarna Sæmundssyni. Sértekjur voru 527 milljónir króna. Stofnunin skilar því rúmlega 112 milljón króna tekjuafgangi á árinu 2002 og stafar það að mestu af því að viðhald og endurbætur á rs.

Bjarna Sæmundssyni hófust ekki fyrr en í febrúar 2003 í stað október 2002 eins og upphaflega var áætlað.

Á árinu 2002 var úthald rannsóknaskipa stofnunarinnar sem hér segir: Dröfn RE 35 - 156 dagar, Árni Friðriksson RE 200 - 166 dagar, Bjarni Sæmundsson RE 30 - 155 dagar. Forsenda fyrir áframhaldi rekstri þriggja rannsóknaskipa er að úthald þeirra verði aukið verulega. Samkvæmt rannsókn- og starfsáætlun stofnunarinnar fyrir árin 2002 til 2006 er gert ráð fyrir auknu úthaldi rannsóknaskipanna á næstu árum. Gangi þetta eftir verður hægt að efla rannsóknastarfsemina, t.d. gera tilraunir með nýjungar í veiðarfærum og veiðar á ónýttum tegundum miðsjávarfiska innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu.

Starfsemin árið 2003 mun taka mið af fyrrgreindri langtímaáætlun en þar er lögð áhersla á:

- þorskrannsóknir með tilliti til stofnmats,
- gagnasöfnun og úrvinnslu er tengist mati á af-rakstursgetu nytjastofna og veiðiráðgjöf, m.a. undirbúning grunnslóðaralls og undirbúning vistfræðirannsóknna í fjörðum og flóum við landið,
- kynbætur á þorski og þorskseiðaeldi,
- kortlagningu hafsbotnsins suður af landinu,
- tengsl við atvinnugreinina, m.a. með því að mynda samstarfshópa um sérstök áherslusvið,
- áframhaldandi kynningarstarfsemi, m.a. með skipulagðri fundaröð víðs vegar um landið.

Það er mikilvægt að umræða sé í þjóðfélaginu um rannsóknir og ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar. Slíkt veitir okkur nauðsynlegt aðhald og örvun til að gera betur. Jafn mikilvægt er, að umræðan snúist um það sem máli skiptir og sé byggð á þekkingu. Að þessu ber Hafrannsóknastofnuninni að stuðla. Því er lögð áhersla á að efla tengslin við almenning og hagsmunaaðila, svo að niðurstöður athugana á fiskstofnunum og ráðgjöf komist á framfæri með skilvirkum hætti. Sérfræðingar fá þá einnig greiðan aðgang að þekkingu sem fyrir hendi er í atvinnugreininni, sem skilar sér í áreiðanlegri mati á ástandi fiskstofnanna. Á síðustu tveimur árum hafa verið haldin sérstök málþing um undirstöður fiski-fræðilegrar ráðgjafar, jafnframt því sem haldnir hafa verið fundir um málefni stofnunarinnar víða

um land. Þá er mikil von bundin við möguleika vefmiðilsins til að koma upplýsingum á framfæri við almenning. Á nýrri heimasíðu stofnunarinnar verður m.a. hægt að sækja upplýsingar og gera útreikninga á umfangsmiklu gagnasafni Hafrannsóknastofnunarinnar. Hér geta allir áhugamenn um fiskveiðar á Íslandi gert athuganir sem aðeins var á færi sérfræðinga fyrir fáeinum árum. Með þessu hafa notendur mun greiðari aðgang að upplýsingum en áður hefur þekkst.

Undir lok ársins 2002 lét Brynjólfur Bjarnason af störfum stjórnarformanns, og við formennsku tók Friðrik Már Baldursson. Um leið og Brynjólfi eru þökkuð mikilsverð störf í þágu stofnunarinnar á undanförunum árum og honum árnað heilla, er nýr formaður boðinn velkominn til starfa.

Umsjón þessarar ársskýrslu var í höndum Ástþórs Gíslasonar og Karls Gunnarssonar, en auk þeirra tóku saman meginþexta skýrslunnar þeir Hrafnkell Eiríksson, Sigfús A. Schopka og Tumi Tómasson. Þeim, svo og öðrum sem hönd lögðu á plóginn, er þakkað vel unnið verk.

Reykjavík, 24. mars 2003

Jóhann Sigurjónsson





SJÓ- OG VISTFRÆÐISVIÐ

Unnið var að rúmlega 40 rannsóknaverkefnum á sjó- og vistfræðisviði á árinu 2002. Auk þess var unnið við ýmis þjónustuverkefni, t.d. vegna umhverfismats framkvæmda sem gætu haft áhrif á sjó og sjávarlífverur.

JARÐFRÆÐI


Kortlagning hafsbotsins

Í rannsóknum á hafsbotninum við Ísland er nú lögð megináhersla á kerfisbundna kortlagningu

botnsins. Til þess er notaður öflugur fjölgeislarmælir (multibeam echo sounder) sem er hluti af búnaði rs. Árna Friðrikssonar. Á árinu 2002 var haldið áfram kortlagningu úti fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi. Einnig var unnið að allviðamiklu verkefni í kortlagningu hafsbotsins utan við landgrunnsbrúnina fyrir sunnan land í samvinnu við Orkustofnun.

HAFSBOTNINN KORTLAGÐUR

Kortlagning hafsbotsins er verkefni sem ráðist var í þegar rannsóknaskipið Árni Friðriksson kom til landsins árið 2000. Í skipinu er fjölgeisladyptarmælir (Multibeam Echo Sounder) af gerðinni Simrad EM 300 en með honum er hægt að kortleggja hafsbotninn af mun meiri nákvæmni en með hefðbundnum dyptarmæli. Tækið er fyrsta sinnar tegundar í eigu Íslendinga og reynslan hefur þegar staðfest mikilvægi þess.




1. mynd. Svæðin sem afmörkuð eru með rauðu eru sýnd á 2. og 3. mynd.

Í langtímaáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar hefur verið lögð áhersla á að kortleggja valin svæði á ytri hluta landgrunnnsins og landgrunnshlíðum niður á allt að 2.500 metra dýpi sunnan og vestan lands, auk neðansjávarhryggjanna suðvestur og norður af landinu. Stefnt er að því að nýta upplýsingarnar í margvíslegum rannsóknum stofnunarinnar, m.a. á nýrri eða þekktari fiskislóð og til að kanna áhrif veiðarfæra á botn, vistkerfi botndýra, hrygningarstöðvar og jarðfræði hafsbotnsins. Hingað til hafa fjölgeislaælingar að mestu leyti verið gerðar í sérstökum kortlagningarleiðöngnum en stefnt er að því að nota mælitækið líka samhliða öðrum rannsóknum líkt og reynt var í síldarleiðangri seinni hluta ársins 2002.


Á árunum 2000-2001 var kortlagt um 12.000 ferkílómetra svæði fyrir sunnan land, frá landgrunnubrún við Háfadjúp til suðurs að 62. gráðu norðlægrar breiddar og til austurs yfir vestari Kötluhrygg og yfir lengstu neðansjávarrásir sem þekktir eru hér við land en þeir eru kenndir við Reynisdjúp og Mýrdalsjökul. Sjávardýpi á rannsóknasvæðinu er 100-2.200 metrar og nyrðri hluti þess er sýndur á 2. mynd. Að mörgu leyti er landslag þarna svipað því sem víða sést á landi þar sem árrof er ríkjandi, þ.e. gil og skorningar á milli fjalla og hryggja, sem sameinast í þeim tveimur meginfarvegum sem áður eru nefndir.

Um mitt sumar 2002 var liðlega 5.000 ferkílómetra svæði kortlagt í Eyjafjarðarál, Skjálfandadjúpi, Skjálfanda og á Kolbeinseyjarhrygg í samstarfi við Orkustofnun og Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Mælingarnar leiddu í ljós margt áður óþekkt á þessu virka brotasvæði, s.s. nákvæma legu misgengja, fjöll og eldfjallakerfi, uppstreymisholur og menjar ísaldarjökuls. Þriðja mynd sýnir nyrsta hluta rannsóknasvæðisins á Kolbeinseyjarhrygg. Landslagið minnir að mörgu leyti á Þingvelli. Gjábarma má rekja margra kílómetra leið og víða sjást merki um hvernig hraun rann frá sprungusvæðinu.

Guðrún Helgadóttir



2. mynd. Horft úr suðaustri yfir nyrðri hluta mælingasvæðis fyrir sunnan land. Landgrunnubrúnin er á um 200 metra dýpi í rauðum lit og mesta dýpi á myndinni er um 1.850 metrar í botni gljúfranna. Gljúfurbarmar ná allt að 200 metra hæð. Breidd rannsóknasvæðisins er um 100 kílómetrar.



3. mynd. Horft yfir Kolbeinseyjarhrygg til norðurs. Kolbeinsey er á miðjum hryggnum sem er sundurskorinn af röð misgengja. Eyðan umhverfis eyjuna (hvíta svæðið) er 2,5 kílómetrar frá vestri til austurs. Virkt jarðhitasvæði suður af eyinni er auðkennt. Dýptarbil á myndinni er 40-520 metrar.



HAFEDLISFRÆÐI

Samfelldar hitamælingar

Á 12 stöðum við landið eru hitamælar sem skrá sjávarhita nálægt landi á tveggja stunda fresti. Lesið er af mælunum með reglubundnu millibili og gögnin flutt í opinn gagnagrunn Hafrannsóknastofnunarinnar. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar um hitastig við ströndina á vefsíðu stofnunarinnar.

Ástand sjávar

Farnir voru fjórir leiðangrar á árinu til að kanna ástand sjávar á Íslandsmiðum, í febrúar/mars, maí, ágúst/september og nóvember/desember. Byrjað var að kanna ástand sjávar ársfjórðungslega árið 1970 og hafa verið farnir leiðangrar í þeim tilgangi á hverju ári síðan. Almenn má segja að ástand sjávar á Íslandsmiðum á árinu 2002 hafi einkennst af því að heldur dró úr hlýindunum sem hafa verið í sjónum undanfarin ár. Hiti og selta voru nokkru lægri en undanfarið sérstaklega fyrir norðan land.

Rauntímamælingar í Grænlandshafi (ANIMATE)

Á árinu 2002 var lagt út mælibauju í miðju Grænlandshafi. Við baujuna eru mæld hiti, selta, næringarsölt, koltvíoxíð, straumar og áta með sjálfvirkum hætti og niðurstöðurnar sendar jafnarðan til lands um gervitungl. Mælibaujan í Grænlandshafi er ein af þremur slíkum baujum sem lagt hefur verið í Atlantshafi í evrópsku samvinnuverkefni sem Hafrannsóknastofnunin er þátttakandi í. Hinum baujunum var lagt vestur af Írlandi og skammt norður af Kanaríeyjum.

Straummælingar

Beinar strauummælingar með föstum strauummælingalögnum eru framkvæmdar á vegum stofnunarinnar í Grænlandssundi og við Kögur. Rannsóknirnar miða að auknum skilningi á breytileika í innstreymi sjávar norður í höf og streymi kalds djúpsjávar til baka um Grænlandsund. Lagnirnar eru teknar upp og lesið af mælunum með reglubundnum hætti og þeim komið fyrir aftur til áframhaldandi mælinga.

HAFEFNAFRÆÐI

Hrip fastra efna úr yfirborðslögum

Gögn frá setgildrum, sem notaðar eru til að rannsaka hrip fastra efna úr yfirborðslögum sjávar í Íslandshafi hafa sýnt, að mikil aukning varð á framleiðslu lífrænna efna nálægt yfirborði á tímabilinu 1997 til 1999. Vorið 2002 var skipt um setgildrulagnir í Íslandshafi. Kom þá í ljós að bilun hafði orðið, þannig að engin gögn söfnuðust frá maí 2001 til maí 2002. Þangað til hafði söfnun gagna með setgildrunum gengið vel og er svo komið að hér er um að ræða eina lengstu tímaröð af setgildrugögnum í heiminum. Verkefnið er unnið í samvinnu við bandaríska vísindamenn.

Koltvíoxíð

Rannsóknir á kolefni í sjó og flæði koltvíoxíðs milli lofts og sjávar hafa verið stundaðar á Hafrannsóknastofnuninni frá árinu 1983, bæði í hlýsjó suðvestan lands og í svalsjó Íslandshafs. Þessar mælingar eru sérstaklega áhugaverðar í tengslum við þátt sjávar í hringrás koltvíoxíðs í heiminum, en veruleg aukning hefur orðið á styrk þess í andrúmslofti á undanförunum áratugum.

Næringarsölt

Stundaðar eru reglubundnar rannsóknir á næringarefnum allt í kringum land í vorleiðöngnum ár hvert. Þær niðurstöður nýtast við úttektir á ástandi sjávar. Talsverð vinna fór einnig í mælingar á næringarefnum inni á fjörðum í tengslum við umhverfissvöktun vegna fiskeldis og annarra framkvæmda.

Straumakerfi og blöndun sjógerða í Norðurhöfum

Hafrannsóknastofnunin tekur þátt í umfangsmiklum rannsóknum á straumakerfi Norðurhafa í samvinnu við nokkrar Evrópuþjóðir. Sporefnið SF₆ er notað til að rekja flæði sjávar og mæla blöndun sjógerða. Safnað var sýnum til greininga á SF₆ allt í kringum land í vorleiðangri 2002.

STRAUMAR Á HORN BANKA

Eitt af þeim tækjum sem komu með nýjum Árna Friðrikssyni RE 200 er straumsjá sem er föst á kili skipsins og mælir straum á leið þess. Straumsjáin sendir út hljóðbylgjur með þekkta tíðni og mælir síðan tíðni endurkastsins frá ögnum í sjónum svo sem dýrasvífi og gruggi, sem gert er ráð fyrir að hafi ekki sjálfstæðar hreyfingar, heldur hreyfist eingöngu með sjónum og hafi því sama hraða og hann. Með því að mæla tíðni endurkastsins er hægt að meta straumhraðann og stefnuna út frá svokölluðum Doppler hrifum. En til þess að þetta sé gerlegt þarf einnig að vita stefnu og hraða skipsins mjög nákvæmlega þar sem leiðréttu þarf fyrir því.


Í nóvember 2002 var flæði Atlantssjávar inn á norðurmið mælt með straumsjá. Mælt var á sniði sem liggur frá norðri til suðurs yfir Hornbanka út af Ströndum. Á þessu sniði er straumur yfirleitt til austurs og flytur hann með sér heitan og seltu- ríkan sjó, sem á uppruna sinn suður í Atlantshafi. Styrkur þessa innstreymis skiptir sköpum fyrir lífríkið í sjónum úti fyrir Norðurlandi.

Vegna þess að aðeins er mældur straumur á því augnabliki sem skipið er yfir staðnum geta sjávarfallastraumar haft mikil áhrif á mælingarnar. Því var siglt yfir sniðið alls fjórum sinnum en hver ferð tók rúmlega 6 klukkustundir. Síðan var tekið með- altal allra ferðanna. Með þessu er dregið úr áhrif- um sjávarfallastrauma. Á 1. mynd. er sýndur austur-vestur þáttur straumsins á sniðinu. Jákvæð- ar tölur tákna að straumurinn er til austurs (gult) en neikvæðar að hann er til vesturs (appel- sínugult). Það sést að straumurinn er til austurs nánast á öllu sniðinu. Einungis allra yst er straum- ur til vesturs sem tákna að ytri mörk innstreymis- ins eru að öllum líkindum þar. Á hér um bil öllu sniðinu er straumurinn óháður dýpi. Straumurinn nær hámarki (>30 cm/s) utarlega á sniðinu, en einnig er tölverður straumur norðan megin við Hornbanka. Innan við Hornbanka minnkar straumurinn síðan enn frekar. Athyglisvert er að yfir Hornbanka er mjög mikil breyting á straum- um. Þetta gæti bent til að þar sé hringstreymi réttsælis kringum bankann þó svo að sú hreyfing sé trufluð af meginstraumnum. Slíkt hringstreymi er þekkt á öðrum bönkum eins og t.d. á Georges banka. Hringstreymið í kringum Hornbanka getur

leitt til þess að blöndun verði meiri þar en á svæð- um þar sem botn er sléttari. Slík blöndun hefur yfirleitt þau áhrif að næringarefni eiga auðveldari leið upp í yfirborðslagið þar sem svifþörungur geta nýtt sér þau til myndunar á lífrænum efnum. Þetta getur því leitt til auðgra lífríkis slíkra svæða.

Innstreymi Atlantssjávar norður fyrir land hefur ekki einungis áhrif á lífríkið í sjónum, heldur einnig veðurfar, og gætir þess þá bæði til lands og sjávar. Því er áhugavert að meta magn Atl- antssjávar í innstreyminu. Ef þetta er reiknað fyrir mælingarnar sem sýndar eru á myndinni fæst að um 2 milljónir m^3/s streyma með þessum straumi en á þessum tímapunkti var óvenju mikið inn- streymi. Að meðaltali streymir þarna u.þ.b. 700.000 m^3/s af Atlantssjó. Til þess að gera sér grein fyrir þessari tölu, (þ.e. 700.000 m^3/s), þá er þetta rúmlega hundrað sinnum meira en rennsli alls ferskvatns sem fellur til sjávar á Ís- landi. Ef reynt er að meta varmaorkuna sem flyst með þessum straumi, þá er hún u.þ.b. 20 TW (1TW=1012W) eða 20 milljónir megawatta. Þetta samsvarar 30.000 sinnum orkunni frá Kárahnjúkavirkjun sem fyrirhugað er að hún framleiði.

Steingrímur Jónsson



1. mynd. Austur-vestur þáttur straums á Hornbankasniði í nóvember 2002 (cm/s). Gildin á myndinni gefa til kynna styrkleika straumsins til austurs.



SVIFPÖRUNGAR

Svifpörungar í vorleiðangri

Í vorleiðangri á rs. Bjarna Sæmundssyni var svifpörungamagn metið með mælingum á blaðgrænu á staðalsniðum allt í kringum land. Rannsóknirnar sýndu að vestan lands var gróður lítið farinn að vaxa nema næst landi, en norðan lands og austan var mikill gróður. Lengst var gróðurinn þó kominn við Ísjaðarinn norðvestur af landinu. Niðurstöður úr þessum rannsóknum, ásamt niðurstöðum úr öðrum umhverfisrannsóknum, eru notaðar til að meta breytingar sem verða á ástandi sjávar og lífríkis milli ára.

Blaðgrænumælingar með sjálfvirkum búnaði

Á árinu 2002 hélt áfram söfnun gagna um umhverfisskilyrði og svifpörunagróður á siglingaleiðms. Herjólfss milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Notaður var sjálfvirkur mælibúnaður sem mælir hita, seltu og blaðgrænu (sem er mælikvarði á gróðurmagn) og tekur sjósýni einnig. Athuganir á tegundasamsetningu svifpöruna á siglingaleiðinni sýna, að kísilpörunar byrja fyrstir að vaxa á vorin og eru nær einráðir í vorhámarkinu. Í kjölfarið koma skorupörunar og síðan smávaxnir svipuþörunar. Þeir síðastnefndu verða svo aftur ríkjandi á haustin. Sams konar mælibúnaður og er í Herjólfss er einnig um borð í rs. Bjarna Sæmundssyni. Samfelldar mælingar á blaðgrænu voru gerðar á siglingaleið Bjarna umhverfis land í vorleiðangri á árinu 2002.

DÝRASVIF

Dýrasvif á djúpmiðum út af Suður- og Vesturlandi

Unnið var að rannsóknum á árstíðabundnu fari og lífsferlum algengra átutegunda í landgrunnshallanum og á djúpmiðum í Grænlandshafi. Misjafnt reyndist í hve miklum mæli dýrin fluttu sig milli búsvæða eftir árstímum. Rauðátan flytur sig t.d. milli veturstustöðvanna á djúpinu og yfirborðslaganna á vorin en aðrar tegundir halda sig hins vegar á djúpinu allt árið. Rauðátan hrygndi um vorið í Grænlandshafi en pólátan virtist hins vegar ekki hrygna þar.

Áta í vorleiðangri

Svifdýra- eða átumagn umhverfis landið var að venju kannað á rúmlega 100 stöðvum í vorleið-

angri, seinni hluta maí. Helstu niðurstöður árið 2002 voru þær, að út af Vestur- og Austurlandi var átumagn talsvert yfir meðallagi, en nálægt meðallagi fyrir Norður- og Suðurlandi. Eins og undanfarin ár fannst mjög mikið af átu í kalda sjónum djúpt norðaustur og austur af landinu, en þar eru stórar og hægvaxta kaldsjávartegundir jafnan algengastar. Í leiðangrinum voru, auk rannsókna á útbreiðslu og magni átu, gerðar fæðutilraunir á rauð- og pólátu sem geta gefið vísbendingar um fæðuval áttunnar og hugsanlega orkuflutninga milli þrepa í fæðukeðjunni. Einnig var safnað sýnum vegna rannsókna á erfðafræði rauðátu sem unnar eru í samstarfi við bandaríska vísindamenn.

Átuvisar

Átusöfnun með átuvisum var haldið áfram á siglingaleiðum skipa Eimskipafélagsins frá Íslandi til Skotlands og Bandaríkjanna. Söfnunin er framkvæmd af áhöfnum skipanna í samvinnu við starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar og Alistair Hardy stofnunarinnar í Plymouth, þar sem megnið af úrvinnslunni fer fram.

VISTFRÆÐIRANNSÓKNIR Á ÞORSKI OG ÞORSKLIRFUM

Uppruni „0-grúppu“ seiða

Á árinu 2002 var unnið að úrvinnslu og greiningu gagna úr rannsóknum á uppruna þorsklirfa og seiða sem safnað hefur verið við landið um mitt sumar og í ágúst á undanförunum árum. Meginmarkmiðið er að meta hlutfallslegt mikilvægi mismunandi hrygningarsvæða við landið og auka skilning á breytilegu framlagi þeirra til nýliðunarinnar. Aldursgreiningar seiða og mat á klak- og hrygningardögum benda til þess, að stóran hluta þeirra seiða sem finnast út af Norður- og Austurlandi á haustin megi rekja til staðbundinnar hrygningar. Þetta er þó nokkuð mismunandi milli ára.

Undirstofnar þorsks

Á árinu hóf Hafrannsóknastofnunin nýtt viðamikið rannsóknaverkefni sem miðar að því að rannsaka hvort og hvernig þorskurinn við Ísland greinist í undirstofna og hvernig hægt er að nota þær upplýsingar við stjórnun veiða. Beitt er líffræðilegum, erfðafræðilegum, efnafræðilegum og stærðfræðilegum aðferðum við rannsóknirnar. Að hluta til er þetta verkefni framhald rannsókna

sem hefur verið unnið að á undanförunum árum um hrygningu þorsks við landið og rek og afkomu lirfa frá hrygningaslóðum.

BOTNDÝR

Botndýrafána Íslands (BIOICE)

Umfangsmiklar rannsóknir á botndýrafánu Íslands (BIOICE) hófust árið 1994. Verkefnið er unnið í samvinnu við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir. Alls hafa verið farnir 16 leiðangrar til söfnunar sýna í þessu verkefni. Á árinu 2002 var safnað 47 sýnum á 22 stöðvum á rs. Bjarna Sæmundssyni á svæðið suður af landinu. Gert er ráð fyrir að gagnasöfnun ljúki á árinu 2003, en nokkur ár í viðbót mun taka að fullvinna sýnin sem safnað hefur verið í þessu verkefni. Sá mikli gagnagrunnur sem verður til í því verður varðveittur á Hafrannsóknastofnuninni. Þegar hafa fjölmargar tegundir fundist sem ekki var vitað um að lifðu hér við land og einnig finnast sífellt fleiri tegundir sem voru áður alls óþekktar vísindamönnum. Á árinu var unnið að kortlagningu búsvæða á botni í hafinu við Ísland, þar sem m.a. eru notaðar upplýsingar úr BIOICE-verkefninu.

Áhrif botnvörpu á samfélög botndýra


Rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar á áhrifum botnveiðarfæra á lífríki hafsbotsins hafa aukist verulega á undanförunum árum. Á árinu 2002 var unnið að lokaúrvinnslu á nokkrum þáttum þeirra rannsókna. Áhrif botnvörpu á samfélög botndýra og botngerð voru könnuð í Stakksfirði í þremur leiðöngrum árin 1997 og 1998. Niðurstöður benda til að á tiltölulega grunnu vatni í Stakksfirði hafi botnvörpuveiðar tiltölulega lítil áhrif á einstakar botndýrategundir. Veiðarnar virðast þó hafa þau áhrif að breytileiki í fjölda einstaklinga eykst. Áhrif togveiðarfæra voru einnig skoðuð á lífríki malar- og grjótbots við Kjalarnes í Faxaflóa þar sem neðansjávarljósmyndir voru notaðar til að greina áhrifin. Einnig lauk rannsóknum á umfangi og dreifingu veiða með fiskibotnvörpu við landið þar sem notuð voru gögn úr gagnagrunni Hafrannsóknastofnunarinnar. Á árinu 2002 hófust rannsóknir á áhrifum vatnsþrýstiplógs á lífríki botsins. Rannsóknirnar voru gerðar í Þistilfirði. Í tengslum við þær var prófaður ómannaður kaþbátur sem verið er að hanna og smíða fyrir stofnunina hjá fyrirtækinu Hafmynd hf. Kaþbáturinn er búinn myndavélum botnsjá og öðrum mælitækjum.


UMHVERFISMAT

Á árinu tók Hafrannsóknastofnunin þátt í nokkrum rannsóknaverkefnum sem tengdust umhverfismati vegna framkvæmda. Einnig fékk stofnunin fjölda erinda til umsagnar í tengslum við umhverfismat framkvæmda sem gætu haft áhrif á sjó og sjávarlífverur.


SJÓFUGLAR

Á Hafrannsóknastofnuninni er unnið að nokkrum verkefnum um vistfræði sjófugla. Markmiðið með þeim eru einkum að skoða fæðuvistfræðileg tengsl sjófugla og nytjafiska. Á árinu var lögð áhersla á að ljúka rannsóknum á fæðu skarfa sem staðið hafa í nokkur ár. Lítið var safnað af gögnum á árinu en aðallega unnið við greiningu sýna og úrvinnslu gagna.





1. mynd. Þorskklak. Lirfan að ofan hefur brotist út úr egginu en hin er á leið úr egg.




2. mynd. Svifi safnað

Kvarnir koma að ákaflega góðum notum innan fiskifræðinnar en úr þeim má lesa ýmislegt um lífsferil fiska. Í kvörnunum myndast áhringir á svipaðan hátt og í trjám sem gerir mönnum keift að meta vöxt og aldur einstaklinga. Fyrsta árið myndast einnig dægurhringir en þeir eru aðeins greinanlegir við mikla stækkun í smásjá.

Undanfarin ár hafa farið fram rannsóknir á aldri fiskungviðis út frá dægurhringjum. Hægt er að reikna nákvæmlega út klakdag fisksins með þeirri aðferð en út frá því er síðan hægt að áætla hrygningartímann. Að teknu tilliti til reks og rekhraða má svo áætla frá hvaða hrygningarsvæðum ungvíðið kemur. Þannig hefur verið hægt sum árin að sýna fram á að hluti lirfa og seiða fyrir norðan land geti ekki komið frá hrygningu fyrir sunnan land heldur frá hrygningu fyrir norðan.

Rannsóknir í Breiðafirði hafa sýnt að seiði sem veiðast seint (ágúst) hafa klakist út á svipuðum tíma og lirfur sem veiðast snemma (júni) (3. mynd). Þessu er líkt farið í Eyjafirði. Þessar niðurstöður benda til þess að í sumum árum a.m.k. komi hluti seiðanna úr hrygningu frá svipaðri slóð og þau veiddust á. Ferlar yfirborðsreka sem settir hafa verið út á meginhrygningarstöðvunum við Suðvesturland styðja einnig þá tilgátu að í sumum árum reki lítið af lirfum og seiðum norður fyrir land.

Björn Gunnarsson



3. mynd. Klakdagar þorskungviðis árið 1998. Gular súlur tákna þorsklirfur sem veiddar voru snemma sumars (júní) en brúnar súlur þorskseiði sem veidd voru síðsumars (ágúst).



4. mynd. Þorskseiði kvarnað



NYTJASTOFNASVIÐ

ALMENN STARFSEMI

Á árinu var unnið að um 75 rannsóknaverkefnum á nytjastofnasviði. Stór hluti þeirra eru langtíma verkefni sem tengjast mati á stofnstærð um 30 nytjastofna. Rannsóknir á lífsháttum u.þ.b. 35 tegunda, skipa einnig veglegan sess í rannsóknum á sviðinu. Auk þess var unnið að nokkrum stórum verkefnum sem tengjast rannsóknum á nytjastofnum, svo sem innslætti eldri gagna í gagnagrunn stofnunarinnar.

Stór hluti vinnunnar á nytjastofnasviði tengist undirbúningsvinnu að úttekt á hinum ýmsu stofnum. Undirstöðupættir stofnmats eru lengdar- og þyngdarmælingar auk aldurslesninga. Á árinu 2002 var alls tæp ein og hálf milljónir fiska og rúmlega 300 þúsundir hryggleysingja lengdarmældir af starfsmönnum stofnunarinnar, veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu og Landhelgisgæslu. Um 120 þúsund fiska voru kvarnaðir og tekið hreistur af um 6 þúsund síldum til aldursákvæðana (1. tafla).

STOFNSTÆRÐARRANNSÓKNIR

Að venju fóru stofnmælingar fram með ýmsum hætti, einkum þó veiðarfærum (botnfiskar og hryggleysingjar) og með bergmálsaðferð (uppsjárviskingar). Mikilvægur þáttur í rannsóknum á

stofnstærð eru ennfremur gögn úr afladagbókum fiskiskipa um afla á sóknareiningu sem nýtt eru að meira eða minna leyti fyrir alla helstu nytjastofna. Slík gögn eru mikilvægust fyrir stofna sem erfitt er að aldursgreina eða þar sem gögn um aldursdreifingu afla eru ekki til staðar. Aldursafala reiknilikön, tímaraðgreiningar og afraksturslíkön voru síðan notuð til að meta stærð nokkurra helstu nytjastofna.

STOFNMÆLINGAR MEÐ VEIÐARFÆRUM

Botnfiskar

Stærsta verkefnið var stofnmæling botnfiska (SMB) sem fram fór í 18. sinn dagana 4. til 21. mars. Stofnmælingin var framkvæmd á fjórum togurum allt í kringum landið auk þess sem rs. Árni Friðriksson tók samanburðartog við einn togarann á svæðinu frá Breiðafirði til Stranda-grunns líkt og árið 2001. Stofnmæling botnfiska beinist að því að meta með aukinni nákvæmni stærð og nýliðun botnlægra fiskistofna, einkum þorsks en einnig ýsu og gullkarfa. Með þessu móti er stefnt að traustari grunni fiskveiðiráðgjafar. Vægi þessa verkefnis hefur ennfremur farið vaxandi hvað varðar vísbendingar um stofnþróun ýmissa annarra smærri nytjastofna eins og steinbíts, löngu, keilu, skötusels, hrognkelsis, skar-kola, sandkola, skrápflúru, þykkvalúru og lúðu.

Í apríl var farið í stofnmælingu með netum (SMN) á fimm netabátum við Suður- og Vesturland og tveimur bátum norðanlands. Langtíma-markmið þessara rannsókna er að bæta mat á stærð og aldursamsetningu hrygningarstofs þorsks og fer stofnmælingin fram á svæðinu frá Breiðafirði suður um land til Eystra Horns auk sjö fjarða við Norður- og Norðausturland. Sýnatöku var einnig beint að ufsa í auknum mæli árið 2002.

Í júlí fór fram árleg könnun á skarkola og sandkola í Faxaflóa á dragnótabátum til að afla upplýsinga um aldursdreifingu og magn þessara tegunda í flóanum.

Farið var í seiðaleiðangur í ágúst á rs. Bjarna Sæmundssyni. Helsta verkefni þess leiðangursins var mæling á fjölda þorsk-, ýsu- og loðnuseiða, þ.e. mat á styrk árgangs (seiðavísitala) viðkomandi tegunda.

Í október var farið í 7. stofnmælingu botnfiska að haustlagi (SMH) á rs. Árna Friðrikssyni og Bjarna Sæmundssyni. Í þessu verkefni er lögð áhersla á dýpri slóðir en í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB), með stofnmat á grálúðu og djúpkarfa að leiðarljósi (Árni Friðriksson) auk gullkarfa, þorsks og ýsu á grynri slóðum (Bjarni Sæmundsson).

Krabbadýr og skeldýr

Helstu stofnmælingar á hryggleysingjum eru stofnmat á úthafs-rækju og innfjarðastofnum rækju, auk humars og hörpudisks. Stofnmæling úthafs-rækju (SMR) fór fram á rs. Dröfn í júlí og ágúst á svæðinu frá Vestfjarðamiðum og norður um til Austurmiða. Þessar rannsóknir veita mikilvægar upplýsingar um stofnstærð og nýliðun á öllu útbreiðslusvæði úthafs-rækju.

Viðamesta stofnmæling innfjarðarækju fór fram í september og október á rs. Dröfn í sex fjórðum norðanlands og á Vestfjörðum. Stofnvísitala og nýliðun rækju er metin eftir svæðum en einnig er kannaður fjöldi og útbreiðsla seiða og smáfisks af þorski og ýsu með tilliti til þess hvort veiðar meggi hefjast. Sambærileg stofnmæling var einnig gerð á fyrrgreindum svæðum í febrúar á rækju-bátum á Vestfjörðum og við Norðurland. Sú rannsókn skar úr um endanlegar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um leyfilegan hámarks-afla fiskveiðiaríð 2001/2002. Vegna lélegs

ástands rækjustofna voru engar veiðar stundaðar í Húnaflóa, Skagafirði og Skjálfanda árið 2002.

Rækjumið í Breiðafirði, Kolluál, Jökuldjúpi og Eldey voru könnuð á rs. Dröfn í maí. Mældist mjög lítið af rækju á svæðunum og því ekki lagðar fram tillögur um afla.

Í júní fór fram stofnmæling rækju á Flæmingjagrunni á færeyskum rækjutogara í samvinnu við Færeyinga, en Hafrannsóknastofnunin tekur þátt í að meta nýliðun rækju í þessu verkefni.

Stofnmæling á humri var gerð í maí á rs. Dröfn fyrir sunnanverðu landinu, eða frá Jökuldjúpi og austur í Lónsdjúp. Markmið þessa verkefnis er einkum að meta stofnvísitölu humars og nýliðun auk þess sem það rennir traustari stoðum undir sýnatöku úr humarafla eftir svæðum fyrir endanlegt stofnmat. Mikilvægi þessa leiðangurs fer ennfremur vaxandi fyrir stofnmat á langlúru sem hefur svipaða útbreiðslu hér við land og humar, auk skrápflúru sem er mjög útbreidd á humarslóð.

Í apríl fór fram stofnmæling á hörpudiski í Breiðafirði sem er langstærsta veiðisvæði þeirrar tegundar. Mikilvægi rannsóknarinnar er einkum fólgið í upplýsingum um stofnvísitölur, bæði í heild og í smærri reitum innan fjarðarins, enda um mjög staðbundna tegund að ræða. Að auki fást betri upplýsingar um nýliðun í stofnmælingunni heldur en úr lönduðum afla. Í ljósi þess að stofninn hefur farið ört minnkandi síðan árið 2000 var farið í aðra stofnmælingu á rs. Dröfn í október. Samkvæmt þeirri mælingu hefur hörpudisksstofninn í Breiðafirði minnkað um 65% síðan í ársbyrjun 2000, sem rekja má til stóraukinna náttúrulegra dauðsfalla einkum í eldri hluta stofnsins. Í nóvember var ástand hörpudisksstofnsins í Hvalfirði einnig kannað á skelbát.

BERGMÁLSMÆLINGAR

Sumargotssíld og norsk-íslensk síld

Farið var í stofnmælingu á veiðistofni íslensku sumargotssíldarinnar á rs. Bjarna Sæmundssyni í janúar og á rs. Árna Friðrikssyni í nóvember - desember. Markmiðið er einkum tvíþætt, þ.e. að mæla annars vegar stærð veiðistofnsins og hins vegar stærð uppvaxandi árganga með tilliti til væntanlegar nýliðunar í veiðistofninn. Bergmálmælingarnar árið 2002 gáfu til kynna mun

minna af eldri síld en áætlað hafði verið og því var ákveðið af fara aftur í stofnmælingu snemma árs 2003. Á árinu 2002 náðist heldur ekki að mæla smásíld í fjörðum norðanlands eins og oftast hefur verið gert síðla árs en smávegis mældist hins vegar af smárri síld suðvestanlands.

Magn og útbreiðsla norsk-íslensku síldarinnar innan íslenskrar lögsögu austur og norðaustur af landinu var kannað í júní. Mikilvægi þessara rannsókna felst einkum í því, að niðurstöður bergmálmælingar innan íslenskrar lögsögu eru hluti af ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um veiðar úr þessum stofni. Að auki fást mikilvægar haf- og vistfræðilegar upplýsingar í þessum rannsóknum.

Loðna

Stærð veiðistofns loðnu var mæld með bergmálsaðferð í janúar á rs. Árna Friðrikssyni úti fyrir Austfjörðum og vesturganga loðnunnar var mæld í mars á rs. Bjarna Sæmundssyni út af Snæfellsnesi. Langmest var af loðnunni við og utan landgrunnskantsins fyrir austan. Stofnmæling á kynþroska hluta stofnsins og ókynþroska 1-2 ára loðnu var síðan gerð á rs. Árna Friðrikssyni í nóvember. Þar sem sú mæling tókst ekki var ákveðið að mæla stofninn á ný í janúar 2003. Aðalmarkmið rannsókna er að afla upplýsinga um stærð veiðistofnsins og væntanlega nýliðun í hann að ári.

Kolmunni

Magn og útbreiðsla kolmunna innan íslensku lögsögunnar voru könnuð með bergmálsaðferð í júlí á rs. Árna Friðrikssyni. Í stórum dráttum var heildarstofninn við landgrunnskantinn mældur allt frá Reykjanesi og að mörkum fiskveiðilögsögunnar austur og suðaustur af landinu. Með þessu verkefni fást auk þess upplýsingar um göngur og nýliðun kolmunna á fyrsta ári, en lítið hefur verið vitað um árgangastyrk kolmunna fyrir en hann kemur inn í veiðistofninn.

STOFNSTÆRÐARLÍKÖN

Mat á stærð og þróun hinna ýmsu nytjastofna byggir á ýmsum reiknilíkönum auk ofangreindra stofnmælinga á hafi úti, en gögn úr þeim leiðöngurum eru oft nauðsynlegur þáttur í reiknilíkönum. Á árinu 2002 voru aldurs-afla líkön þannig notuð við stofnmat á þorski, ýsu, ufsa, skarkola, langlúru, síld, kolmunna og humri, auk þess sem

tímaraðagreiningum var beitt á stofna þorsks og ufsa.

Afraksturslíkön og þróun í lönduðum afla og afla á sóknareiningu úr afladagbókum fiskiskipa voru veigamikil gögn í stofnmati á gull- og djúpkarfa, grálúðu, skarkola, sandkola, steinbít, humri og rækju. Hvað varðar úthafs-rækju var stofnmatið fjölstofnatengt með tilliti til stærðar þorskstofnsins á rækjusvæðinu og át þorsks á rækju.

MERKINGAR

Ufsamerkingum var haldið áfram á nokkrum stöðum við landið en þær hófust árið 2000 eftir að hafa legið niðri að mestu síðan á 7. áratugnum. Alls voru merktir um 3.000 ufsar á árinu 2002 en um 7.000 ufsar hafa verið merktir alls síðan árið 2000.

Merkingartilraun var gerð í þriðja sinn á grálúðu úr botnvörpu á rs. Árna Friðrikssyni, og grálúða veidd á línu var merkt á rs. Dröfn. Alls voru merktar rúmlega 800 grálúður að þessu sinni með það að markmiði að skilgreina betur samgang grálúðu á svæðinu Færeyjar-Ísland-Austur Grænland. Síðan grálúðumerkingar hófust á ný árið 2000 hafa alls verið merktir um 1.700 fiskar úti fyrir austanverðu landinu.

Um 7.900 þorskar voru merktir á ýmsum stöðum við Suður-, Vestur- og Norðurland, mest á síðastnefnda svæðinu. Þar af voru um 300 fiskar merktir með rafeindamerkjum sem skrá sjávarhita og dýpi sem fiskurinn heldur sig á á hverjum tíma þar til hann er endurheimtur. Endurheimt rafeindamerki voru einnig í auknum mæli nýtt til rannsókna á atferli þorsks, láréttum og lóðréttum göngum og viðveru hans á veiðisvæðum með sérstöku tilliti til veiðanleika.

Loks voru um 500 skarkolar merktir í Faxaflóa og um 200 þorskar merktir í eldiskvíar í Eyjafirði. Hvað varðar þorsk- og einnig skarkolamerkingar var áfram lögð rík áhersla á úrvinnslu fyrirliggjandi gagna á árinu 2002, enda hafa alls um 44.000 þorskar verið merktir með hefðbundnum merkjum og rafeindamerkjum á árunum 1991-2002 og tæplega 11.000 flatfiskar árin 1995-2002. Þar eð merkingar jukust verulega árið 2002 hefur endurheimtum að sama skapi fjölgað, eða úr 520 árið 2001 í 1.005 árið 2002.

Haldið var áfram tilraunum á neðansjávarmerk-ingarbúnaði á rs. Árna Friðrikssyni, sem er sam-vinnuverkefni með fyrirtækinu Stjörnu-Odda. Hér er um mjög flókinn búnað að ræða sem hannað-ur er sérstaklega fyrir fisktegundir sem ekki er hægt að merkja með hefðbundnum hætti úr veiðarfærum, einkum karfa. Tilraunirnar bentu til þess að hægt verði að hefja merkingar þegar á árinu 2003.

GRUNNRANNSÓKNIR Á FISKUM OG HRYGG-LEYSINGJUM

Árið 2002 veiddust tvær fisktegundir á Íslands-miðum sem ekki hafa fundist þar áður svo kunn-ugt sé. Þessar tegundir eru oddhali (*Lionurus carapinus*) og pálsfiskur (*Zenopsis conchifera*). Auk þess veiddust margar athyglisverðar tegund-ir á árinu, sumar þeirra sjaldséðar hér á norður-slóðum.

Viðamiklu verkefni, sem beinist að því að bæta þekkingu á samspili karfastofna í Norðvestur Atl-antshafi á svæðinu Færeyjar-Ísland-Grænland, var haldið áfram en það hófst árið 2000. Þetta er samstarfsverkefni Íslendinga, Þjóðverja, Norð-manna og Spánverja sem styrkt er af Evrópusam-bandinu. Helstu þættir eru rannsóknir á samset-ningu stofnanna hvað varðar ytra útlit, lögun og efnasamsetningu kvarna, erfðafræði og æxlun, auk útbreiðslu og upplýsinga um stofnstærð.

Skipulegum rannsóknum á skötusel sem hófust árið 2000 var haldið áfram á árinu. Verkefnið byggir á því að kanna almenna líffræði skötusels fyrir sunnanverðu landinu og að fylgjast með aflsamsetningu eftir veiðislóðum. Ennfremur var haldið áfram að lesa aldur skötusel.

Rannsóknir á túnfiski innan íslensku efnahagslög-sögunnar fóru fram í september-nóvember 2002 á fimm skipum samkvæmt samningi við japanska útgerðaraðila sem verið hefur í gildi síðan árið 1996. Í þessum leiðöngurum voru m.a. tekin sýni til aldursákvörðunar, hormóna- og erfðarann-sókna, auk skráningar á lengd, þyngd og kyni. Heildaraffli og meðalaffli á sóknardag á túnfiskver-tíðinni árið 2002 var mun meiri en árið áður, en aðeins vertíðirnar árin 1997 og 1998 geta talist góðar síðan þessar tilraunaveiðar hófust.

Verkefni sem beinist að því að kanna fæðu þorsks sem veiddur er í mismunandi veiðarfæri og á ýmsum veiðislóðum og árstímum var haldið áfram, en það hófst á árinu 2001. Með þessari rannsókn er leitast við að skýra tengsl fæðu og veiðanleika þorsks. Auk þess var að venju fylgst með fæðu og holdafari helstu nytjafiska með skipulegri sýnatöku á mögum og lifur í rann-sóknaleiðöngurum, auk rannsókna á lengd og þyngd eftir aldri, kynþroska og svæðum.

Athuganir á umfangi brottkasts eftir veiðarfær-um héldu áfram árið 2002. Umfang verkefnisins byggðist á hundruðum mælinga á sjó- og landi - einkum á þorski og ýsu - sem gerðar voru af veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu.


Gagnasöfnun á djúpfiskum var með hefðbundn-um hætti, einkum í stofnmælingu botnfiska í mars og október, auk þess sem sýnataka úr afla fór fram á gulllaxi, blálöngu, löngu og keilu. Afla- og sóknargögnum var ennfremur gerð skil í skýrslu til djúpfiskavinnunefndar Alþjóðahafrann-sóknaráðsins.

Athuganir fóru einnig fram á öðrum fiskistofnum sem lítt hafa verið nefndir hér að framan eins og lúðu, þykkvalúru og stórkjöftu. Þá var haldið áfram með vöktun á svipudýrasýkingum í síld og skarkola.

Unnið var áfram við verkefni, sem hófst á árinu 2001 og kostað er af Norrænu ráherranefndinni, en markmið þess eru m.a. að meta aukaafli við rækju- og hörpudisksveiðar í norðurhöfum og áhrif veiðanna á lífríkið.

Veiðanleiki vatnþrýstingsplógs fyrir kúffiskveiðar var kannaður á Þistilfirði sumarið 2002 svo og óbein dauðsföll á kúfiskel sem óhjákvæmilega skapast við veiðarnar. Vitneskja um þessa þætti skiptir miklu máli við stofnmat og hafa niður-stöður þegar verið birtar.

Ýmsar athuganir fóru fram á öðrum hryggleys-ingjum, m.a. voru gadda- og skessukrabbar að venju rannsakaðir í humarleiðangri í maí, vaxtar-mælingar gerðar á kræklingi frá kræklingrækt-arstöðum og smokkfisktegundir úr leiðöngurum rannsóknaskipanna greindar.



LÍFSLÍKUR SMÁÞORSKS SEM VEIÐIST Á HANDFÆRI

Sjómönnum á handfærabátum er skylt samkvæmt reglugerð að sleppa lifandi þorski og ufsa styttri en 50 cm að lengd, og ýsu styttri en 45 cm. Líklega er þessi undantekning frá banni við brottkasti byggð á þeirri skoðun að smáfiskur sem veiðist á handfæri lifi af sleppingu í langflestum tilfellum. Þó höfðu takmarkaðar rannsóknir verið gerðar til að kanna þetta.

Sumarið 2001 var farið í leiðangur á vegum Haf-
rannsóknastofnunarinnar til að kanna lífslíkur
smáþorsks sem veiddur er á handfæri. Rann-
sóknin var gerð í grennd við Flatey á Skjálfanda
og voru handfærasjómenn fengnir í lið með
rannsóknamönnum til að safna smáþorski undir
55 cm, sem síðan var settur í búr og fylgst með
afdrifum hans með köfun. Handfærasjómennirnir
voru beðnir um að stunda veiðarnar á venju-
bundinn hátt og lögð var áhersla á að þeir los-
uðu fiskinn af önglinum með sömu handtökum
og venjulega, þ.e. viðhefðu ekki sérstök vett-
lingatök vegna rannsóknarinnar. Rannsóknar-
menn tóku síðan við þorskinum og skráðu lengd
hans, hvort og þá hve mörg sár hann var með
og einnig hvers konar sár hann var með. Síðan
settu þeir fiskinn í kar með rennandi sjó. Þegar
50 þorskar höfðu safnast í karið voru þeir settir í
netbúr sem sökkt var niður á 5-9 metra dýpi.
Búrin voru hringlaga 1,7 metrar í þvermál og 4
metrar að dýpt. Veiðin fór fram á tveimur
dýptarbilum. Þá var einnig fylgst með tveimur
samanburðarhópum (1. tafla). Í þeim voru
þorskar með óveruleg sár sem veiddir voru á
sjóstöng með 28 g toby-þríkrækju án agnhalds.
Samanburðarhóparnir voru ætlaðir til að athuga
hvort þorskurinn drápast við meðhöndlun í rann-
sókninni, þ.e.a.s. við mælingu, geymslu í kari og
sleppingu og dvöl í búrum.

Lengd þorskanna í tilrauninni var á bilinu 36-55
cm, flestir voru 45-55 cm. Enginn fiskur drapst í
samanburðarhópunum (1. tafla). Úr tveimur búr-
um af grunnslóð voru 26% og 38% fiskanna
dauðir, og þeir drápast flestir á fyrstu 30 tímun-
um. Djúpslóðarbúrin tvö voru með 50% og 58%
dauða, en margir fiskanna drápast strax á veiði-
degi og flestir á fyrsta sólarhringnum. Aðeins
fjórir fiskar drápast á öðrum til fimmta sólarhring
í fjórum tilraunum. Tilraun var hætt ef engin
fiskur hafði drepist í þrjá sólarhringa.

Sár voru flokkuð eftir staðsetningu á fiskinum og
hvort fiskur væri með stakt sár eða fleiri (1.
mynd). Algengustu sárin voru á kjálka, gellu og
góm.


Dánartíðni jókst marktækt með fjölda sára og
einnig reyndust dauðsföll vera marktækt hærri
há fiskum veiddum á djúpslóð en á grunnslóð.
Tölfræðilíkan staðfestir þessar niðurstöður (2.
mynd), þar sem sést að því stærri sem þorskur-
inn er, því minni líkur er á því að hann drepist.
Einnig sýnir líkanið að fiskur veiddur á djúpslóð
er 20% líklegri til að drepast en sá sem veiddur
er á grunnslóð.

Tilraunin sýnir að dauðsföll undirmálsþorsks í
handfæraveiðum eru umtalsverð og mun meiri
en talið hefur verið. Því má spyrja hvort ástæða
sé til að breyta þeim reglum sem gilda um brott-
kast handfærabáta.


*Ólafur K. Pálsson, Haraldur A. Einarsson og
Höskuldur Björnsson*

1. Tafla. Fjöldi og hlutfall dauðra þorska í tilrauninni

Veiðidýpi (m)	Grunnslóð		Djúpslóð		Samanburður	
	19 - 53	19 - 28	75 - 122	75 - 92	5 - 10	5 - 15
Bátur	Svalur	Svalur	Svalur	Sigurveig	Einar í Nesi	Einar í Nesi
Fjöldi fiska í tilraun	50	50	50	50	46	52
Lifandi	37	31	25	21	46	52
Dauðir	13	19	25	29	0	0
Dánartíðni	26%	38%	50%	58%	0%	0%
Meðaldánartíðni eftir svæðum	32%		54%			
Meðaldánartíðni (bæði svæðin)	43%					



1. mynd. Tíðni sára og dauðsföll. „Stök sár“ merkir að hver fiskur hafi aðeins eitt sár. Tölur ofan á súlum tákna dánartíðni fiska í viðkomandi flokki.



2. mynd. Dánarlíkur eftir stærð þorsks og dýpi; niðurstöður úr tölfræðilíkani. Lítuðu svæðin sýna 95% öryggismörk.

HVALIR

Hvalatalningar

Stærstu verkefni stofnunarinnar á sviði hvalarannsóknna árið 2002 tengdust úrvinnslu gagna sem safnað var í viðamiklum hvalatalningum, sem fram fóru á NA-Atlantshafi í samvinnu við Norðmenn og Færeyinga árið 2001. Megin-tilgangur verkefnisins var að meta stofnstærð hrefnu og langreyðar, en talningarnar veita einnig mikilvægar upplýsingar um útbreiðslu og mergð annarra tegunda hvala á svæðinu. Svipaðar talningar fóru fram árin 1987, 1989 og 1995, en æskilegt er að ekki líði meira en 5-6 ár milli talninga ef fylgjast á með vexti og viðgangi hvalastofna. Úrvinnsla talningagagnanna hefur farið fram innan vísindanefndar Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðsins, en niðurstöður hafa einnig verið kynntar í vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins. Stærð langreyðarstofnsins hér við land er nú metin um 25 þúsund dýr, sem er nokkur fjölgun frá síðustu talningu (19 þúsund dýr). Mati á stofnstærð hrefnu, sem byggist mest á flugtalningu, hefur seinkað frá upphaflegri áætlun, og er nú gert ráð fyrir að endanlegar niðurstöður liggi fyrir í apríl 2003.

Aðrar hvalarannsóknir

Áfram var haldið langtímarannsóknum á háhyrningum, hnúfubak og steypireyði, sem byggja á söfnun ljósmynda og húðsýnatöku til greiningar einstaklinga. Á árinu lauk greinaskrifum vegna nokkurra rannsóknaverkefna um hnúsa ásamt úrvinnslu sýna er varða líffræði og fæðuvistfræði hnýðings. Fylgst var með ferðum hrefnu haustið 2002 með aðstoð gervitunglasendis. Hafrannsóknastofnunin fylgdist sem fyrr með fregnum af hvalrekum, enda er það oft eini möguleikinn til að afla gagna um líffræði viðkomandi tegundar. Þá var fram haldið tilraunaverkefni um gagna-söfnun frá hvalaskoðunarskipum.

Sérfræðingar stofnunarinnar tóku þátt á störfum vísindanefnda Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðsins og Alþjóðahvalveiðiráðsins.

VEIÐARFÆRA- RANNSÓKNIR

Á árinu fóru fram prófanir á nýrri íslenskri skilju (Ex-it 2) sem vonast var til að yrði arftaki Ex-it skiljunnar enda hafði hún reynst mjög misvirk í

að skilja út smáfisk. Nýja skiljan reyndist hins vegar ekki sem skyldi. Lagt var til við ráðuneytið að löggilding Ex-it skiljunnar yrði afnumin.

Í leiðangri á rs. Dröfn var gerður samanburður á hefðbundinni humarvörpu með tveimur leggluggum á efra byrðinu og humarvörpu með nánast allt efra byrðið á legg, þ.e. með ferköntuðum möskvum í stað tígullaga. Markmiðið var að draga enn frekar úr veiðum á smáýsu með þessari breytingu á vörpunni. Vegna óhagstæðs veðurs náðist ekki að gera þessa samanburðartilraun á því svæði sem áætlað var.

Hafnar voru tilraunir með sviflæga þorsgildru sem hefur þann kost að op gildrunnar er ávallt undan straumi. Gildra af þessu tagi gæti m.a. nýst vel til veiða á smáþorski til áframeldis.

STOFNERFÐAFRÆÐI

Úthafs- og djúpkarfi

Unnið var við rannsóknir á tíðni fjölgerða gena-seta í úthafs- og djúpkarfa í Grænlandshafi og suðvestur af Íslandi. Tilgangurinn er að kanna hvort úthafs- og djúpkarfi séu erfðafræðilega aðskildir stofnar og einnig hvort um fleiri en einn stofn djúpkarfa sé að ræða, annan í Grænlandshafi en hinn í köntunum suður og vestur af landinu. Verkefnið tengist rannsóknum Hafrannsóknastofnunarinnar á útbreiðslu og líffræði karfa í Grænlandshafi og nálægum hafsvæðum og jafnframt karfarannsóknum Norðmanna. Það er fjármagnað af Hafrannsóknastofnuninni, en einnig hafa fengist styrkir frá flestum útgerðum skipa sem eru með karfakvóta á Íslandsmiðum, úr Tækniþjóði Rannís og úr fimmtu rammaáætlun Evrópusambandsins í samvinnu við erlendar stofnanir og háskóla.

Sýnatöku fyrir verkefnið er lokið. Erfðasýnum var safnað af hafsvæðunum norðvestur, suðaustur og suðvestur af Íslandi, Norður-Grænlandshafi, hafinu austur og vestur af Grænlandi, Grænlandshafi og á Flæmingjagrunni. Samhliða erfðasýnum var gögnum um kyn, kynþroska, þyngd, lengd og aldur karfans safnað og verða þær upplýsingar notaðar samhliða arfgerðargögnum í tölfræðiúrvinnslu. Frumniðurstöður benda til að úthafs- og djúpkarfi í Grænlandshafi séu aðskildir stofnar.

Lúða

Markmið verkefnisins er að nýta nýjustu tækni-framfarir í sameindaerfðafræði við fjölda-skimun á eldislúðu. Aðferðirnar geta nýst við gerð kyn-bótaáætlunar og styðja við þann mikla árangur sem Íslendingar hafa náð á sviði lúðueldis. Vinna við þróun og aðlögun erfðamarka er í gangi og hefur hingað til aðallega verið bundin við þekkt erfðamörk fyrir lúðu.

Þorskur

Unnið var við rannsóknir á stofngerð þorsks við Ísland til þess að meta hlut ólíkra hrygningarein-inga í nýliðun og veiðistofninum hverju sinni. Jafnframt er áætlað að skoða hvort breyting hafi orðið á erfðasamsetningu stofneininga þorsks síðustu áratugi með því að skoða erfðaeftirbærni gam-alla kvarna í tengslum við veiðisögu stofnsins. Rannsóknir benda til að ólíkar hrygningareiningar finnist við landið og að framlag einstaka hrygn-ingarsvæða til nýliðunar sé breytilegt. Aukin þekking á stofnsamsetningu þorsks við landið nýtist m.a. við ráðgjöf um verndun hrygningar-svæða á hrygningartíma.

Einnig fóru fram rannsóknir á erfðafræðilegum skyldleika þorsks frá tveimur hrygningar- og fæðusvæðum við Ísland. Með þessu móti má rekja einstaka þorska (t.d. fisk á mörkuðum) til upprunalegrar stofneiningar þeirra.

VEIÐIEFTIRLIT

Hafrannsóknastofnunin hefur frá upphafi séð um stjórn veiðieftirlits og samkvæmt lögum fer stofnunin með vald til skyndilokana og gerir til-lögur um viðmiðunarmörk fyrir lokanir til sjávar-útvegráðuneytis, sem miðast við hlutfallslegan fjölda undir tiltekinni stærð eftir tegundum. Veiðieftirlitshópur, sem í eru sjö fiskifræðingar stofnunarinnar, vinnur í samráði við veiðieftirlits-menn Fiskistofu, sem tilkynna um mælingar yfir viðmiðunarmörkum, og leggur til stærð lokunar-svæðis í samráði við skipstjóra á viðkomandi slóð. Starfsmenn Landhelgisgæslu um borð í varðskipum koma einnig oft að skyndilokunum með svipuðum hætti.

Skyndilokanir voru alls 139 á árinu 2002, saman-borið við 124 og 152 lokanir árin 2001 og 2000. Langflestar voru vegna þorskveiða eða 67, en 28 sinnum var lokað vegna síldveiða og ýsulokanir voru 23. Flestar lokanir voru vegna veiða með botnvörpu eða 61 en línulokanir voru 34. Ástæð-ur mikils fjölda lokana má rekja til nýliðunar 1998 og 1999 árganga þorsks og ýsu auk þess sem 1999 árgangur síldar er talinn með stærstu árgöngum sem mælst hafa í íslenska sumargöts-stofninum.



SÖGULEG GÖGN SÍÐAN 1899

Innsláttur eldri rannsóknagagna í gagnagrunn stofnunarinnar er stærsta stöðverkefni sem unnið er að við nytjastofnarannsóknir. Verkefnið hófst árið 1996 og nú er að mestu lokið við allar færslur frá árunum 1975-1985 eða samtals um 40.000 stöðvar með sýnum af hinum ýmsu tegundum sem rannsakaðar voru á því tímabili. Vegna sérstaks rannsóknaverkefnis var einnig lokið við að slá inn alla gamla hörpudisksleiðangra og stóran hluta af gömlum rækjuleiðöngnum.

Einnig var unnið áfram að innslætti gamalla afladagbóka í gagnagrunn. Lokið var við allar aflaskýrslur fyrir rækjuveiðar á grunnslóð og allar síldveiðiskýrslur en innslætti hörpudiskskýrslna lauk árið 2001. Hafist var handa við innslátt á gömlum aflaskýrslum fyrir humarveiðar og mun því verki verða lokið á árinu 2003.

Ennfremur var með tölvutækum hætti gengið frá gömlum skarkolamerkingum og endurheimtum frá árunum 1966-1985. Eftir standa hins vegar merkingargögn um skarkola frá árunum 1950-1965.

ALDURSGREININGAR Á FISKUM

Hægt er að aldursgreina flestar tegundir beinfiska með því að telja áhringi í kvörnum þeirra eða hreistri. Aldursgreiningarnar eru m.a. mikilvægar við mat á stærð fiskistofnanna.

Sýni til lengdarmælinga og kvörnunar eru tekin úr afla mismunandi veiðarfæra árið um kring.

Það eru starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar, bæði í aðalstöðvunum í Reykjavík og útibúunum úti á landi, sem taka sýni í leiðöngnum stofnunarinnar, í fiskverkunarhúsum, á fiskmörkuðum og úr lönduðum afla báta og togara. Einnig fást gögn frá veiðieftirlitsmönnum, en þeir taka sýni í landi og um borð í fiskiskipum.

Á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar vinna 12-14 starfsmenn við aldurslestur. Þrír starfsmenn starfa auk þess við að undirbúa kvarnir þorsks, ýsu og ufsa fyrir lestur. Undirbúningurinn auðveldar og flýtir fyrir aldurslestri á þessum nytjafiskum. Eftir aldursgreiningu eru aldurskýni sett í geymslu þar sem kvarnir og hreistur er aðgengilegt ef á þarf að halda.

Markvisst er reynt að auka gæði kvarnaalesturs. Hver nýr starfsmaður fær þjálfun í aldurslestri og að því loknu er árangur prófaður. Á árinu heim sóttu tveir aldurslesarar frá Hafrannsóknastofnuninni í Bergen í Noregi stofnunina, og þjálfuðu þeir starfsmenn í að lesa aldur síldarhreisturs.

Árið 2002 voru samtals lengdarmældir yfir 1,4 milljónir fiska og um 124 þúsundir kvarnaðir. Aldurslesnir fiskar voru alls um 70 þúsund. Í 1. töflu er yfirlit yfir lengdarmælingar, kvarnasöfnun og aldursgreiningu á helstu nytjafiskum árið 2002. Þar kemur meðal annars fram að rúmlega 450 þúsund þorskar voru lengdarmældir og tæplega 28 þúsund kvarnaðir. Yfir 300 þúsund ýsur voru lengdarmældar og um 18 þúsund kvarnaðar. Alls voru kvarnaðir næstum 15 þúsund gull- og djúpkarfar. Um 154 þúsund flatfiskar voru lengdarmældir og tæplega 17 þúsund kvarnaðir. Þá voru tæplega 13 þúsund loðnur kvarnaðar og safnað hreistri frá um 6 þúsund síldum.



Túr
arfis
mei
mes
leng
með.
ins m
heldu
sjó M
hafi. K
sjávar
10°C,
þeirra.

Seinni
túnfisku
Miðjarð
bóginn.
lengra n
Yngstu f
Hafrann
Íslandi vo

1. tafla. Yfirlit yfir sýnatökur úr fiski árið 2002. Fjöldi lengdarmældra, kvarnaðra (eða hreisturtekinnna) fiska, ásamt fjölda aldurslesinna kvarna eða hreistra.

Tegund	Lengdarmælt	Kvarnað/hreistrað	Aldurslesið
Þorskur	470.417	27.484	21.815
Ýsa	307.483	18.171	14.371
Ufsi	42.636	7.584	7.055
Gullkarfi	138.076	8.529	215
Úthafskarfi	10.057	341	0
Djúpkarfi	43.036	5.443	0
Blálanga	3.392	980	0
Langa	3.074	941	0
Keila	4.051	1.218	0
Steinbitur	42.565	3.481	1.952
Lúða	769	437	280
Grálúða	21.823	4.051	0
Skarkoli	23.293	4.618	3.789
Þykkvalúra	8.689	702	139
Langlúra	19.523	4.101	2.864
Stórkjafra	2.721	250	225
Sandkoli	19.259	1.651	1.631
Skráþflúra	58.004	1.178	1.130
Síld	50.265	5.973	1.394
Loðna	14.173	12.598	10.800
Kolmunn	18.197	11.652	6.496
Gulllax	11.505	904	0
Skötuselur	4.174	605	200
Aðrar tegundir	103.148	1.358	0
Alls	1.420.330	124.250	74.156


TÚNFISKUR

Túnfiskur (*Thunnus thynnus*) er með stærstu sjávarfiskum og geta stærstu fiskarnir hæglega orðið meira en þriggja metra langir. Vaxtarhraðinn er mestur fyrstu árin og ná fiskarnir um 60 cm lengd á fyrsta aldursári og tveggja ára eru þeir að meðaltali um 80 cm langir. Hraðan vöxt túnfisksins má að nokkru leyti rekja til þess, að fyrstu árin heldur hann sig alfarið í heitum og tempruðum sjó Miðjarðarhafsins og sunnar í Norður-Atlantshafi. Þar að auki er líkamshiti túnfiska hærrí en sjávarins sem þeir lifa í, og getur þar munað allt að 10°C, sem ýtir enn frekar undir hraðan vöxt þeirra.

Seinni hluta sumars og fram á haust heldur eldri túnfiskur í fæðugöngur frá hrygningarstöðvum í Miðjarðarhafi og Mexíkóflóa í kaldari sjó norður á bóginn. Eldri og stærri fiskar ganga að jafnaði lengra norður á bóginn en yngri og minni fiskar. Yngstu fiskar sem veiðst hafa í tilraunaveiðum Hafrannsóknastofnunarinnar á túnfiski suður af Íslandi voru þriggja ára en þeir elstu 17 ára

(mynd). Vaxtarferill túnfiska í veiðinni við Ísland sýnir að fiskarnir hafa tekið út mikinn vöxt áður en þeir byrja að ganga á Íslandsmið. Meðallengd 5 ára fiska er um 150 cm en eykst jafnt og þétt í um 250 cm hjá elstu fiskunum.

Droplaug Ólafsdóttir, Þórey Ingimundardóttir



Vaxtarferill túnfisks (*Thunnus thynnus*).



VEIÐIRÁÐGJAFARSVIÐ

ALMENN STARFSEMI

Hlutverk sviðsins er, að annast reglulega úttekt á ástandi fiskistofna, að móta tillögur stofnunarinnar að ráðgjöf um aflamark og annast útgáfu árlegrar skýrslu um ástand nytjastofna og aflahorfur á Íslandsmiðum.

Starfsemin á árinu 2002 fólst sem fyrr í því að fara yfir gögn og úttektir einstakra sérfræðinga á þeim nytjastofnum, sem stofnunin veitir ráðgjöf um. Þetta starf var unnið af sérstakri verkefnisstjórn, en auk hennar koma fjölmargir starfsmenn stofnunarinnar að rannsóknum og úrvinnslu, sem tengjast veiðiráðgjöfinni. Verkefnisstjórnin hélt alls 24 fundi á árinu.

Störf verkefnisstjórnarinnar var með hefðbundnu sniði, þar sem áhersla var lögð á að nýta afladagbækur fiskiskipaflotans við ráðgjöfina. Þessar skýrslur ná aftur til ársins 1991 og verða með hverju árinu sem líður, styrkari þáttur í stofnmatinu ásamt öðrum gögnum úr veiðinni. Fiskveiðiráðgjafarsviðið annast móttöku afladagbókanna, skráningu og innslátt þeirra í gagnagrunn stofnunarinnar. Færslur á árinu voru um tvö hundruð þúsund.

RÁÐGJÖF ALPJÓÐAHAF-RANNSÓKNA-RÁÐSINS (ICES)

Flestir þeir nytjastofnar sem Hafrannsóknastofnunin gerir úttekt á eru einnig til umfjöllunar hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu. Það eru tvær vinnunefndir ráðsins, sem hér eiga hlut að máli, norðvestur-vinnunefndin (North-Western Working Group) og norður-uppsjávarfiskanefndin (Northern Pelagic and Blue Whiting Fisheries Working Group). Í þeirri fyrrnefndu er fjallað um þorsk, ýsu, ufsa, gullkarfa, djúpkarfa, úthafskarfa og grálúðu. Í norður-uppsjávarfiskanefndinni er fjallað um sumargotssíld, norska vorgotssíld, loðnu og kolmunna. Sem stendur fer Ísland með formennsku í báðum þessum vinnunefndum.

Venjan er sú að frumgögn eru unnin upp og farið yfir fyrstu drög að stofnmati hér heima en síðan eru gögn okkar og bráðabirgðastofnmat lögð fram á árlægum fundum vinnunefndanna. Þar er farið yfir öll gögn og komist að sameiginlegri niðurstöðu um endanlegt stofnmat, sem síðan er birt í skýrslu viðkomandi vinnunefndar. Sú skýrsla er send til fiskveiðiráðgjafarnefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins (Advisory Committee on Fisheries Management). Þar er aftur farið yfir forsendur og niðurstöður vinnunefndanna. Niðurstaðan úr þeim

vinnu er svo skýrsla ráðgjafanefndarinnar, sem er hin opinbera ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Fiskveiðiráðgjafarnefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins kemur saman tvisvar á ári, vor og haust. Á vorfundinum er fjallað um þá stofna sem snerta íslenska hagsmuni. Ráðgjafarnefndin lauk störfum sínum að þessu sinni 31. maí. Endanlegar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar til stjórnvalda eru oftast nær samhljóða ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins, en geta þó sýnt smá frávik komi fram nýjar upplýsingar sem skipta máli.

STOFNMAT OG ÚTTEKT Á AÐFERÐAÐFRÆÐI

Skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum árið 2001 og aflahorfur fiskveiðiárið 2002/2003 (Fjölrit nr. 88) kom út í júníbyrjun. Auk almennrar kynningar var skýrslan kynnt á sérstökum fundum með hagsmunaaðilum.


Við úttektina á þorski var nú beitt fleiri stofnmatsaðferðum en áður. Þá voru einnig í fyrsta sinn kynnt skekkjumörk í stærð þorsk- og ýsu- stofnanna.

Stofnmat þorsks árið 2001 hafði reynst talsvert lægra árið 2001 en gert hafði verið ráð fyrir árið áður (2000). Af því tilefni réði sjávarútvegsráðherra þegar á árinu 2001 óháða erlenda sérfræðinga til þess að fara yfir stofnmat og gögn stofnunarinnar. Dr. Andrew Rosenberg, prófessor og deildarforseti líffræði- og landbúnaðardeildar háskólans í New Hampshire í Bandaríkjunum, sem stýrði þessari vinnu, kynnti lokaniðurstöður skýrslu sinnar á fyrirspurnapingi sem sjávarútvegsráðuneytið efndi til 11. nóvember 2002. Þar var farið yfir allar helstu forsendur þorskveiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og aflareglu. Niðurstöður skýrslunnar staðfestu í megindráttum úttekt Hafrannsóknastofnunarinnar og Alþjóðahafrannsóknaráðsins á sínum tíma.

Ráðgjöf fyrir loðnu- og rækjustofna, sem birt var í júní, var eins og venjulega bráðabirgðaráðgjöf. Ekki tókst að mæla stærð loðnustofnsins í haustleiðangri 2002, svo endanlegar tillögur um loðnu- afla á fiskveiðiarinu 2002/2003 munu ekki liggja fyrir fyrr en eftir áramótin 2003. Endanlegar tillögur um leyfilegan afla úr innfjarðarrækjustofnum var ákveðin í lok stofnmælingaleiðangra við upphaf vertíðar í október. Lokatillaga um leyfilegan úthafsækjuafila var kynnt skömmu fyrir júl.

Frá fyrirspurnapingi í nóvember





Búrfiskur

STOÐDEILDIR

BÓKASAFN

Starfsemi bókasafnsins árið 2002 var með hefðbundnum hætti. Á árinu voru keyptar til safnsins um 80 bækur, og það er áskrifandi að um 200 tímaritum, en alls koma á safnið um 760 titlar tímarita, skýrsla og annarra ritraða. Eins og áður eru millisafnalán fyrirferðarmikil í starfsemiinni. Bókasafnið pantar aðallega greinar frá innlendum bókasöfnum og söfnum á Norðurlöndum og Bretlandi. Það eru einkum innlend bókasöfn sem biðja um að fá sendar greinar frá safninu, en ljósrít af greinum eru send víðar, svo sem til Rússlands, Nýja Sjálands og Ástralíu, Norðurlanda og annarra Evrópu- og Ameríkuríkja.

Landsáskrift að um 7.500 rafrænum tímaritum, sem fengin var að frumkvæði Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns, hefur reynst mjög vel og eru tímaritin mjög mikið notuð og fer notkun vaxandi. Samið var við sjö stærstu tímaritaútgefendur á vísindasviði í heiminum og fékkst aðgangur að tímaritum sem þeir gefa út, að sumum þeirra allt að fimm ár aftur í tímann. Einnig var skrifað undir samninga um landsaðgang að gagnagrunnum, þar af einum á sviði raunvísinda. Auk þess hefur bókasafnið keypt aðgang að nokkrum sérhæfðum gagnagrunnum vegna starfsemiinnar. Þessi aðgangur er mjög mikilvægur fyrir Hafrannsóknastofnunina og auðveldar

sérfræðingum stofnunarinnar að nálgast nýjustu niðurstöður vísindarannsókna á sínu sviði. Á heimasíðu bókasafnsins er unnt að tengjast völdum tímaritum sem mikilvæg eru við rannsóknir vísindamanna stofnunarinnar.

REIKNIDEILD

Starfsfólk reiknideildar starfar aðallega við þróun fjölstofnalíkana en einnig við almenna líkanagerð í samvinnu við annað starfsfólk Hafrannsóknastofnunarinnar. Fjölstofnalíkanið, „Gadget“ er hluti af stóru ESB-verkefni sem er stýrt frá reiknideild. Auk sjálfs líkansins er unnið að gerð vöruhúss gagna, sem mun nýtast í margs konar vinnslu innan stofnunar og utan.

TÆKNIDEILD

Tæknideild hefur aðsetur í Faxaskála og starfa þar fjórir menn. Tæknideild er ein af stoðdeildum Hafrannsóknastofnunarinnar og annast viðhald, viðgerðir, hönnun og smíði rannsóknatækja auk ýmiss sérþúnaðar. Þá er rekstur, viðhald og kvörðun fiskleitartækja stór hluti af starfi tæknideildar.

ÚTIBÚ

Tilraunaeldisstöðin á Stað

Almenn starfsemi

Við stöðina starfa 3-4 starfsmenn, auk stöðvarstjóra. Aðallega var unnið með þorsk, sandhverfu, lúðu og hörpudisk á árinu. Þá lauk prófunum á þurrfóðri fyrir sæeyru í samvinnu við fóðurverksmiðjuna Laxá hf. og Sæbýli hf.

Á árinu var lokið smíði viðbyggingar við Tilraunaeldisstöðina. Byggingin er 790 m² stálgrindarhús og hefur nú öll rannsóknastaða batnað til mikilla muna. Þá var tekin í notkun ný sjókælivél og einnig nýtt stýrikerfi fyrir varmaskipta, sem gerir það mögulegt að vinna með sjó við stöðugt hitastig frá -0,5°C til +25,0°C.

Sæeyru sem hafa verið alin í stöðinni frá árinu 1988 voru send norður á Hauganes í Eyjafirði, þar sem Stofnfiskur hf. stefnir að framleiðslu á ungvíði til útflutnings. Nú eru tvö fyrirtæki í landinu sem stunda sæeyrnaeldi.

Þorskur

Tölverðar framfarir urðu í þorskseiðaframleiðslu á árinu og alls voru framleidd um 28.000 þorskseiði í stöðinni. Stærsti hluti seiðanna var fluttur í aðrar eldisstöðvar til áframeldis. Ellefu þúsund seiði fóru á Nauteyri við Ísafjarðardjúp í samvinnu við Hraðfrystihúsið Gunnvöru hf. Þrettán þúsund seiði fóru á Hauganes í Eyjafirði, þar sem tilraunir fara fram með mismunandi fóðurgerðir og þéttleika í samvinnu við Útgerðarfélag Akureyringa hf. Seiði sem voru framleidd í stöðinni árið 2001 hafa nú verið sett í sjókvíar í Eyjafirði. Þá fóru fimmtán hundruð seiði til Síldarvinnslunnar hf. á Neskaupstað. Ennfremur var haldið áfram tilraunum með bóluefni og gerðar ónæmisrannsóknir á þorski á vegum Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum.

Sandhverfa

Söfnun á villtum sandhverfum var haldið áfram í samvinnu við sjómenn á Suðurnesjum og gengur uppbygging á hrygningarstofninum vel. Framleidd voru 130.000 sandhverfuseiði sem flest voru seld til Sæbýlis hf. í Vogum og Silfurstjörnunnar hf. í Kelduhverfi til áframeldis. Þá voru ennfremur sendar til Sæbýlis nýklaktar lifur sem

voru frumfóðraðar þar. Lifandi fæðudýr voru framleidd í stöðinni og flutt í Sæbýli. Framleiðslan í Sæbýli var 25.000 seiði þannig að heildarframleiðsla sandhverfuseiða var um 155.000 seiði á árinu. Þess má geta að hafinn er útflutningur á sandhverfu, alls flutti Sæbýli út átta tonn á árinu.

Á árinu hófust viðamiklar rannsóknir á vaxtargetu og kjörhita sandhverfu. Ætlunin er að rannsaka þessa þætti hjá sandhverfu frá lifrustigi og þar til markaðsstærð er náð. Sandhverfan verður alin við 7°C til 25°C hita.

Lúða

Haldið var áfram að ala lúðuseiði frá Fiskeldi Eyjafjarðar hf. Með DNA rannsóknnum sem gerðar verða á rannsóknastofu stofnunarinnar í Líf-tækni húsi á Keldnaholti í Reykjavík verður reynt að rekja ætterni lúðuseiða til klakfisks og kanna hvort nota megi niðurstöðurnar til kynbóta á lúðu. Verkefnið er unnið í samvinnu við Stofnfisk hf. og Fiskeldi Eyjafjarðar hf.

Hörpudiskur

Hitaþol hörpudisks úr Breiðafirði, Húnaflóa og Hvalfirði var kannað í Tilraunaeldisstöðinni. Verkefnið er hluti meistaranáms við HÍ og er styrkt af Hafrannsóknastofnuninni. Skelinni var haldið við stöðuga seltu og fóðrun. Hitanum var stýrt í 24 daga fyrir hverja tilraun. Með tilrauninni var leitast við að athuga hvort hækkandi sjávarhiti ætti þátt í mikilli minnkun í stofnstærð hörpudisks í Breiðafirði. Einnig er í gangi tilraun til að áætla þann tíma sem skel helst á hjör eftir að hún deyr, sem kemur til með nýttast við mat á náttúrulegum dauða.

Útibú í Ólafsvík

Almenn starfsemi

Gagnasöfnun úr fiskafli lönduðum á Snæfellsnesi var að venju mikilvægur þáttur starfseminnar. Sú vinna var með líku sniði og síðustu ár. Starfsmenn útibúsins tóku þátt í ýmsum leiðöngurum, s.s. togararalli, netaralli, stofnstærðarmati á hörpudiski og rækju, hvalarannsóknnum og túnfiskeiðangri.

Göngur og atferli skarkola

Haldið var áfram rannsóknnum á göngum og atferli skarkola vestan Íslands. Árin 1997 og 1998

voru merktir 3.664 skarkolar með venjulegum slöngumerkjum og þar af 160 einnig með mæli-merkjum (rafeindamerkjum). Í lok árs 2002 höfðu 2.024 slöngumerki (55%) og 120 mæli-merki (75%) endurheimst. Áhugaverðar niðurstöður hafa fengist um göngur og hegðun skarkolans og unnið var við að koma þeim á framfæri á árinu.

Fæða þorsks

Samstarfi var komið á við sjómenn þriggja báta, sem stunda veiðar með dragnót, netum og línu, um rannsóknir á fæðu þorsks. Þetta er hluti af umfangsmikilli söfnun þorskmaga af bátum og skipum sem stunda veiðar allt í kringum landið. Í Ólafsvík söfnuðust um 800 þorskmagar á árinu og greiningu á fæðuinnehaldi þeirra er að mestu lokið. Stefnt er að því að halda þessu verkefni áfram, sem nokkurs konar vöktun á fæðu þorsks á Íslandsmiðum.

Merkingar á fiskum

Starfsmenn tóku þátt í nokkrum merkingaleið-öngum. Í júní voru 2.000 þorskar merktir við norðanvert Snæfellsnes, nánar tiltekið út af Ólafsvík og á Skarðsvík. Í september voru 200 ufsar merktir við Öndverðanes og þar af voru mælimerki sett í 20 ufsa.

Fæða sjófugla

Eins og undanfarin ár tók starfsmaður útibúsins þátt í rannsóknum á fæðuvistfræði sjófugla við Ísland. Einkum var unnið við tvö verkefni á árinu, þ.e. rannsóknir á heildarátti skarfa og áti sjófugla á ungvíði nytjafiska.

Vöktun á ástandi hörpudisks

Á haustdögum ársins 2000 hófst sýnataka á hörpudiski frá helstu veiðislóðum í Breiðafirði, með það að markmiði að vakta almennt ástand hörpudisksins. Því verkefni var haldið áfram á árinu. Fylgst er með árstíðabundnum breytingum á þyngd ýmissa líffæra hörpudisks í tengslum við hitastig sjávar. Jafnframt var farið í leiðangra með heimabátum til að fylgjast með ástandi hörpudisksmiða.

Önnur starfsemi

Að venju var tekið á móti fiskmerkjum og merktum fiskum, og alls bárust 35 merktir skarkolar, 25 þorskar og 6 ufsar. Einnig var tekið á móti sjaldséðum fiskum og furðuskepnum. Starfsmenn sáu um mælingar og krufningar á hvólum sem rak á land við Breiðafjörð eða komu í veiðarfæri. Í nóvember var nemendum grunnskólanna í Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík og á Hellissandi kynnt starfsemi stofnunarinnar, veiðar og meðhöndlun fisks um borð í skólaskipinu Dröfn.

KYNJAMUNUR Á ATFERLI SKARKOLA

Merkingar á fiskum eru einkum stundaðar til að afla upplýsinga um ferðir þeirra og útbreiðslu. Hér við land hafa s.k. mælimerki (rafeindamerki) verið notuð í vaxandi mæli með venjulegum fiskmerkjum, m.a. við rannsóknir á skarkola, þorski, grálúðu, ufsa og laxfiskum. Með notkun mælimerkja geta fengist ítarlegar upplýsingar um líffræði merktra fiska, m.a. um atferli þeirra frá því þeir eru merktir þar til þeir endurheimtast. Atferli fiska getur haft mikil áhrif á veiðanleika og þar með á niðurstöður rannsókna eins og t.d. stofnstærðarmælinga.

Þann 27. júní 1903 var skarkoli fyrst merktur á Íslandsmiðum, en þá merkti danski dýrafræðingurinn Johannes Schmidt 280 skarkola í Skjálfandaflóa. Síðan þá hafa nær 100.000 skarkolar verið

merktir við Ísland, flestir af Aðalsteini Sigurðssyni á árunum 1953-1985. Talsverðar upplýsingar liggja því fyrir um göngur skarkolans, sem virðist flakka talsvert um eftir að kynþroska er náð.

Vorið 1998 voru 62 skarkolar merktir með mælimerkjum á hrygningarsvæði á Flákakanti í Breiðafirði. Mælimerkin skráðu í minni hitastig og dýpi í nánasta umhverfi kolans. Helsta markmið merkinganna var að afla upplýsinga um atferli skarkola, t.d. hvort það væri breytilegt eftir tíma dags eða árstíma og hvort hegðun kynja væri mismunandi. Komið hafði í ljós að mun meira var af hængum en hrygnum í afla fiskiskipa frá hrygningarsvæðinu á Flákakanti. Rannsóknir sýna að það er mikil mismunandi atferli hænga og hrygna

Í ljós k
kynja á
ar 6 hr
héldu s
vikum
arfall
til þess
þó kon
ingar á
(tindar
kanta.
hrygna
greinile
Niðurs
meira
skránin
kom í
kvöld

þegar
á dýpis

0

50

Dýpi (m)

100

150

200

1.

1. myn

með 4 k

0

50

Dýpi (m)

100

150

200

1.

2. myn

með 4 k



Í ljós kom að greinilegur munur var á hegðun kynja á hrygningartíma. Á 1. mynd eru dýpisferlur 6 hrygna og 6 hænga bornir saman. Hrygnur héldu sig oft á sama dýpi svo dögum og jafnvel vikum skipti. Á ferlum hrygna kemur sveifla sjávarfalla vel fram sem hlykkjóttur ferill, sem bendir til þess að þær hafi að mestu verið botnlægar. Þó koma öðru hverju fram allt að 100 m breytingar á dýpi, sem geta stafað af ferðum upp í sjó (tindar á ferlunum) eða ferðum upp og niður kanta. Dýpisferlar hænga eru ólíkir ferlum hrygna að því leyti að sjávarföll eru ekki eins greinileg og breytingar á dýpi eru mun tíðari. Niðurstöðurnar benda því til að hængar séu meira á ferðinni á hrygningarslóðinni. Þegar skráningar mælimerkja voru skoðaðar nánar, kom í ljós að skarkolinn var einkum á ferðinni á kvöld og nætur.

Þegar kom fram á sumarið varð talsverð breyting á dýpisferlum. Frá júní fram í ágúst héldu merkt-



ir skarkolar sig oft á sama dýpi í langan tíma og fóru nær ekkert upp í sjó (2. mynd). Það dýpi sem einstakir skarkolar héldu sig á breyttist yfirleitt lítið yfir sumarið, þó sumir hafi greinilega fært sig milli svæða. Mikill breytileiki var hinsvegar á dýpi milli einstaklinga og dæmi voru um kola sem héldu sig ofan 50 m allt sumarið, meðan aðrir voru neðan 150 m. Lítil munur var á atferli kynja, enda einbeita bæði kynin sér að fæðuöflun yfir sumarið.

Niðurstöðurnar sýna að mikill munur er á atferli kynja á hrygningartíma á vorin, og sá munur kemur líklega fram í meiri veiðanleika hænga en hrygna. Á fæðuslóð á sumrin eru bæði kynin mjög botnlæg og lítil munur á atferli.

Jón Sólmundsson



1. mynd. Dýpisferlar 12 skarkola á hrygningartíma í apríl 1998. Hver ferill sýnir dýpi fyrir einn kola. Sýndar eru mælingar með 4 klst. millibili.



2. mynd. Dýpisferlar 12 skarkola á fæðuslóð frá 1. júní - 14. ágúst (sömu skarkolar og á 1. mynd). Sýndar eru mælingar með 4 klst. millibili.

Útibú á Ísafirði

Almenn starfsemi

Starfsemi útibúsins var með líku sniði og undanfarin ár. Starfsmenn tóku þátt í ýmsum árlegum leiðöngurum, s.s. stofnmælingu innfjarðarækju, togararalli og merkingaleiðöngurum. Áfram var safnað kræklinga- og þangskýnum til vöktunar á mengandi efnunum.

Sjálfvirk mæling í fiskiskipum og vinnsluhúsum

Unnið hefur verið að hönnun, smíði og uppsetningu á búnaði sem tekur við upplýsingum frá vigtarflokkurum um borð í fiskiskipum og í fiskvinnslum. Með þessum hætti verður hægt að safna gögnum um þyngd allra fiska sem fara í gegnum flokkara. Þegar er farið að safna gögnum um borð í Páli Pálssyni ÍS. Einnig er unnið að tækni til að lengdarmæla fiskinn með tölvusjón.

Fæða þorsks

Um er að ræða samstarfsverkefni fjögurra útibúa og veiðiráðgjafarsviðs, auk sjómanna og útgerðarmanna. Markmið verkefnisins er að bæta gagnasöfnun um fæðu þorsks. Safnað er magasýnum úr þorski um borð í rúmlega tíu skipum og bátum með ýmsum gerðum veiðarfæra. Úrvinnsla og greining magasýna fer síðan fram í útibúinu.

Áframeldi þorsks

Útibúið vann ýmis verk tengd þorskeldi á árinu í samvinnu við fyrirtæki og einstaklinga m.a. á Ísafirði og Tálknafirði. Þá tók starfsmaður útibúsins þátt í verkefninu „Þorskeldi á Íslandi: Stefnumótun og upplýsingabanki“. Í tengslum við það voru haldnir opnir kynningarfundir um þorskeldi víðsvegar um landið.

Samanburður á eldisseiðum og villtum þorskseiðum

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., eldisstöðin Háafell hf. og Stofnfiskur hf. ásamt útibúinu, fengu styrk frá sjávarútvegsráðuneytinu til að gera samanburð á eldi þorsksseiða af eldisuppruna og villtum seiðum, veiddum í Ísafjarðardjúpi. Fylgst verður grannt með vexti, afföllum, kynþroska og fleiru frá seiðastigi til sláturstærðar. Vænlegustu einstaklingarnir verða hugsanlega nýttir til kynbóta á eldisþorski.

Rækja

Rækjustofninn í Ísafjarðardjúpi hefur verið í tals-

verðri lögð undanfarin ár. Sex ár í röð hefur lítil sem enginn rækja fundist í Jökulfjörðum, nema í Lónafirði, og vegur það þungt í niðursveiflu stofnsins. Í stofnmælingu í október lækkaði stofnvisitala verulega frá árinu 2001 og var byrjunarkvóti fyrir vertíðina 2002-2003 ákveðinn 1.000 tonn sem síðan verður endurskoðaður í febrúar 2003. Í Arnarfirði lækkaði visitala einnig og byrjunarkvóti vertíðar var ákveðinn 550 tonn. Talsvert var af þorskseiðum í Arnarfirði og svæðið því ekki opnað fyrir veiðum fyrr en í nóvember að undangenginni nýrri könnun á svæðinu.

Útibú á Akureyri

Almenn starfsemi

Störf sérfræðinga og rannsóknamanna útibúsins voru fjölbreytt á árinu. Að venju fólst mikill hluti starfseminnar á sýnatöku úr lönduðum afla, og voru rúmlega 1.000 fiskar mældir og þar af var þriðjungur kvarnaður. Einnig voru um 24 rækjúsýni mæld og kyngreind. Þetta er svipaður fjöldi og síðastliðin ár. Nokkrir leiðangrar voru farnir á vegum útibúsins.

Haldið var áfram verkefni þar sem fyrirliggjandi gögnum um rannsóknir á grunnslóð Norðanlands er safnað saman. Meginmarkmiðið er að gera grein fyrir og koma fyrir á aðgengilegum stað öllum þeim upplýsingum sem til eru um svæðið, til að auðvelda rannsóknir í framtíðinni. Á næsta ári er væntanleg skýrsla um þetta verkefni. Einnig er úrvinnsla gagna úr svokölluðu Eyjafjarðarralli nærri lokið. Því miður var ekki hægt að fara í Eyjafjarðarrall árið 2002 vegna bilunar í Dröfninni. Verkefninu um vistfræði Eyjafjarðar, sem hófst árið 1992, lauk formlega á árinu með útkomu skýrslu um efna- og líffræðihluta verkefnisins.

Á árinu hófust rannsóknir á tréætum í kringum Ísland. Starfsmenn útibúsins sáu um reglulega sýnatöku við Hjalteyri og Akureyri. Engar tréætur hafa þó fundist hingað til. Hafin var vinna við að safna gögnum frá sjóstangaveiðimótum kringum Ísland, með það í huga að þau gætu varpað ljósi á þorskgengd á grunnslóð. Verkefnið er unnið í samstafi við önnur útibú stofnunarinnar.

Starfsmenn útibúsins sinntu einnig ýmsum minni háttar viðvikum. Þeir tóku við fiskmerkjum (sem voru talsvert mörg), rannsökuðu hvalreka, svörðu fyrirspurnum og tóku við sýnum frá sjó-

mör
Sérfr
irhu
eyri
botn
sam
inda
varð
sjáva

Fisk
Farið
rann
um s
starf
og u
haldi
sjóm
innar
Útger
ust tv
frá Ó
sandi
eftir a
um 6
veg k

Strau
Ranns
haldið
stofnu
banka
með s
Árna F
skipinu

Fiske
Báðir s
mótun
nafnið
upplýsi
fyrirtæ
sér um
(www.t

Útgerða
veiða þ
er að se
veiddist
var ákve
rannsókn
Farið va
um og s

mönnum og öðrum áhugasömum um lífríki sjávar. Sérfræðingur útibúsins vann að undirbúningi fyrirhugaðs rannsóknahúss við Háskólann á Akureyri og á vegum nefndar um friðun hverastrýta á botni Eyjafjarðar. Í nóvember var haldin sýning í samvinnu við Háskólann á Akureyri vegna vísindadaga. Þar var útibúið með sýningu á ýmsum varðveittum furðuverum úr sjó svo og lifandi sjávarlífverum í búrum og kórum.

Fiskirannsóknir

Farið var í netarall úti fyrir Norðurlandi og voru rannsóknarmenn útibúsins þar á ferð ásamt öðrum starfsmönnum stofnunarinnar. Einnig tóku starfsmenn útibúsins þátt í merkingum á þorski og ufsa við Norður- og Austurland. Áfram var haldið rannsóknnum á fæðu þorsks í samstarfi við sjómenn á svæðinu og önnur útibú stofnunarinnar. Söfnun hófst árið 2001 á Kaldbak, togara Útgerðarfélag Akureyringa, en árið 2002 bættust tveir bátar við, dragnótabáturinn Jón Forseti frá Ólafsfirði og línubáturinn Sólrún frá Árskógsandi. Sá síðastnefndi var reyndar seldur skömmu eftir að hann hóf sýnatöku. Samtals var safnað um 650 sýnum á árinu og er greining þeirra vel á veg komin.

Straummælingar

Rannsóknnum á hafstraumum við Ísland var fram haldið við útibúið í samvinnu við aðra starfsmenn stofnunarinnar. Straummælum var lagt á Hornbankasniði. Þá var í nóvember farið yfir sniðið með straumsjá sem er nýtt tæki um borð í rs. Árna Friðrikssyni og mælir það straum undir skipinu meðan það er á ferð.

Fiskeldi

Báðir sérfræðingar útibúsins tóku þátt í stefnumótunarvinnu vegna þorskeldis. Verkefnið ber nafnið „Þorskeldi á Íslandi: Stefnumörkun og upplýsingabanki“ og er samstarfsverkefni margra fyrirtækja og stofnana. Sérfræðingur við útibúið sér um vefstjórn á vefsíðu verkefnisins (www.thorskeldi.is).

Útgerðarfélag Akureyringa hóf tilraunir til að veiða þorsk í leiðaragildrum til áframeldis. Óhætt er að segja að það hafi tekist allvel. Reyndar veiddist óvænt allmikið af ýsu við tilraunirnar og var ákveðið að reyna að ala hana áfram. Haf-rannsóknastofnunin tók þátt í þeim tilraunum. Farið var tvisvar á árinu til að merkja ýsu úr gildrum og setja í kvíar. Byrjunarniðurstöður benda til

að áframeldi á ýsu með þessum hætti sé fær leið og verður framhald á þessum tilraunum á næstu árum.

Starfsmenn útibúsins sáu einnig um að merkja þorsk í kvíar fyrir eldisfyrirtæki í Eyjafirði. Loks fór sérfræðingur útibúsins til Seyðisfjarðar til sýnatöku vegna fyrirhugaðs fiskeldis í firðinum.

Kennsla

Stór hluti af vinnu sérfræðinga útibúsins felst í kennslu á ýmsum skólastigum. Sérfræðingar útibúsins hafa hálfu kennsluskyldu við Auðlinda-deild Háskólans á Akureyri (hét áður Sjávarútvegsdeild) og sáu þeir að mestu leyti um kennslu í fiskifræði, haffræði og sjávarlíffræði, en einnig í stærðfræði. Þá kenndi sérfræðingur útibúsins við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu Þjóðanna. Tveir starfsmenn útibúsins leiðbeindu grunnskólanemendum í sex daga á rs. Dröfn.

Útibú á Höfn

Eins og undanfarin ár var gagnasöfnun úr lönduðum afla stærsti þátturinn í starfsemi útibúsins. Kvarnað, mælt og kyngreint var samkvæmt þar til gerðri áætlun um gagnasöfnun. Við þessa vinnu hefur útibúið góða aðstöðu hjá Fiskmarkaði Hornafjarðar, en einnig voru tekin sýni í fiskvinnsluhúsum á Höfn.

Þá voru tekin sýni af þangi og sjó til geisla-mælinga, sem er samstarfsverkefni Geislavarna ríkisins og Hafrannsóknastofnunarinnar. Útibúinu bærust nokkrir merktir fiskar og tekið var á móti nokkrum sjaldséðum fiskum. Einnig fór útibússtjóri í nokkra rannsóknaleiðangra á vegum stofnunarinnar, t.d humar- og netarall og tók þátt í ufsamerkingum



Eggþú maríuskötu, Pétursskip

Útibú í Vestmannaeyjum

Almenn starfssemi

Starfssemi útibús Hafrannsóknastofnunar í Vestmannaeyjum var með svipuðu sniði og á síðustu árum. Tveir starfsmenn starfa við útibúið í einu og hálfu stöðugildi.

Gagnasöfnun úr lönduðum afla var með svipuðu sniði og áður og gekk vel. Þetta er sem fyrr stærsti þátturinn í starfsemi. Sýnataka vegna mengunarmælinga í þangi og kræklingi, móttaka og mælingar á merktum fiskum og fleiri slík smærri verkefni voru í svipuðum farvegi og áður. Unnið var að því að endurskoða gagnasöfnunarkerfi sem notuð eru við sýnatöku úr lönduðum afla og ýmsum rannsóknaleiðöngrum Hafrannsóknarstofnunarinnar.

Rannsóknir á síli

Áfram var unnið við verkefnið „Rannsóknir á síli á Íslandsmiðum“ og nú er unnið að lokaskýrslu um verkefnið. Markmið verkefnisins eru annars vegar að auka þekkingu á líffræði sílategunda hér við land og hins vegar að fá vísbendingu um stofnstærðir þeirra og vægi sem fæðu nytja- stofna á Íslandsmiðum.

Fæða þorsks

Á árinu var safnað og unnið úr sýnum vegna rannsókna á fæðu þorsks. Þetta verkefni er samstarfsverkefni útibúa stofnunarinnar, en eins og áður sagði (sjá umfjöllun um útibúin í Ólafsvík, á Ísafirði og á Akureyri) er markmið þess að bæta þekkingu á fæðuvistfræði þorsks í kringum landið.

Blaðgrænumælingar með sjálfvirkum búnaði

Verkefni með siritandi tækjabúnaði í ferjunni Herjólfí var fram haldið. Verkefnið er samstarfsverkefni starfsmanna við þörungarrannsóknir á Hafrannsóknastofnuninni og útibúsins í Eyjum. Þeir þættir sem eru mældir eru hitastig, selta, næringarefni, magn þörungna og birtumagn. Tækjabúnaðurinn mælir sjálfvirk framantalda þætti á siglingaleið skipsins alla daga sem skipið er í áætlun.

Önnur starfssemi

Í júlí tók útibúið þátt í að merkja ufsa við Eyjar á togaranum Bessa ÍS 410. Í júlí heimsóttu Háskólanemar frá Bandaríkjunum útibúið. Starfsmenn útibúsins aðstoðuðu nemana við framkvæmd rannsóknaverkefna og tóku þátt í kennslu. Í nóvember var nemendum grunnskólanna í Vestmannaeyjum kynnt starfssemi stofnunarinnar um borð í rs. Dröfn. Útibúið aðstoðaði aðila sem hyggja á áframeldi þorsks á árinu 2003 í Klettsvík.



MARSÍLI VIÐ ÍSLAND

Hér við land eru þrjár tegundir af sandsílaætt, sandsíli, marsíli og trönusíli. Af þessum tegundum er marsíli langalgengast, og er mjög mikilvæg fæða margra nytjafiska, sjávarspendýra og sjófugla.


Marsíli heldur sig á 10 til 150 metra dýpi og finnst allt í kringum landið, þó það sé algengast sunnan- og suðvestanlands. Sandsíli og trönusíli eru hins vegar aðeins sunnan- og suðvestanlands. Eins og nafnið á ættinni segir til um, lifa síli á sandbotni og eru fullorðin síli fremur staðbundin. Á vor- og sumarmánuðum sýna marsíli greinilegar dægursveiflur í hegðun. Þau virðast vera í æti og laus frá botni yfir daginn, en grafa sig niður í sandinn yfir nóttina. Helsta fæða þeirra er krabbadýralirfur, smákrabbadýr og fiskaeegg. Yfir veturinn virðast sílin eyða mun meiri tíma grafin í sandinn, nema um hrygninguna.

Á árunum 1998 og 1999 var farið í nokkra leiðangra til að safna upplýsingum um marsíli. Á 1. mynd er sýnd aldursdreifing marsílis sem fékkst í leiðöngrunum og á henni má sjá að mest er af eins til þriggja ára síli. Hámarks lengd þess er um 25 cm, og á 2. mynd má sjá meðallengd og meðalþyngd eftir aldri í júlí. Meðalþyngdin er breytileg eftir árstímum og svæðum, vaxtarhraði er t.d. meiri við Ingólfshöfða en í Faxaflóa. Þyngdaraukning einstaklinga er mest á vorin og strax í ágúst fara kynþroska síli að horast aftur vegna þess að orkan fer í að þroska kynkirtla. Í Norðursjó er meðalþyngd eftir aldri svipuð og hér við land, en hún er þó talsvert breytileg frá ári til árs og gera má ráð fyrir að svo sé einnig hér.


Flest marsíli verða kynþroska eins árs. Þau eru frjósöm og þroska hrygnur um 800 egg á hvert gramm þyngdar sinnar eða milli 9 og 20 þúsund egg hver. Hrygningartíminn er frá seinni hluta október fram að áramótum og eggin eru botnlæg. Til að athuga hvenær klak hefst voru lesnir dægurhringir í 73 seiðum frá Selvogsbanka og Breiðafirði. Þær niðurstöður eru sýndar á 3. mynd. Klak virðist hefjast fyrri hluta apríl, ná hámarki í byrjun maí og standa fram í júní. Þetta er í samræmi við fyrri niðurstöður, þar sem athuganir á silislirfum og seiðum bentu til að klak hæf-

ist í lok mars. Lirfurnar eru sviflægar í tvo til fjóra mánuði og myndbreyting verður við 35 -55 mm lengd. Seiðin finnast víða við landið og leita botns þegar líða fer á sumarið


Valur Bogason



1. mynd. Aldursdreifing silis úr leiðöngrunum sem farnir voru árin 1998 og 1999.



2. mynd. Meðallengd og meðalþyngd marsílis eftir aldri.



3. mynd. Klaktími hjá marsíli, fenginn með því að lesa dægurhringi seiða.



Grálúða

ÖNNUR STARFSEMI

SAMSTARFSHÓPAR UM EFLINGU STOFNRANNSÓKNA

